



SKOÐUN Guðmundur Andri skrifar um hið síkvika lífsafl sem sumir kalla guð, Allah, Jahve, Freyju, Maríu... **13**



MENNING Marta Eiríksdóttir lýsir í sögu sinni árunum sem Ameríkanarnir voru í Keflavík og áhrifum þeirra. **20**



SPORT Manchester United vann blóðugan bardaga um Manchester og er nú með sex stiga forskot. **24**



NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

10. desember 2012
290. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Gagnrýnir lögregluna

Lýður Guðmundsson gerir „alvarlegar athugasemdir“ við vinnubrögð lögreglunnar. Hann segir að villt hafi verið um fyrir vitnum og tilefnislausar húsleitir framkvæmdar. **8**

Nýtt Vitahverfi Verslunareigendur umhverfis Vitastíg vilja borgina í samstarf um svæði sem fái nafnið Vitahverfi eða Lighthouse Village. **2**

Sýrland í brennidepli Rússneskir og bandarískir embættismenn hittust í Genf í gær til að ræða ástandið í Sýrlandi, en ríkin hafa verið ósammála um hvernig taka eigi á vandanum. **4**

Í kappi við tímann Holskefla teikninga af nýbyggingum hefur skolið á byggingarfulltrúum sveitarfélaga vegna breytinga á reglugerð. **10**



SHALDOR
12

Bolungarvík	0°	SA 6
Akureyri	-3°	S 4
Egilsstaðir	-5°	SV 4
Kirkjubæjarkl.	0°	SA 5
Reykjavík	2°	SA 11

STREKKINGUR SV-TIL annars víða 3-8 suðaustan 3-8 m/s. Víða bjart en dálítil úrkoma við V-ströndina síðdegis. Frost 0-6 stig en frostlaust syðst. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir.is | Gjafakörfur | Fólk



Opíð mán - fös 11-18 lau 12-16
S 577-5570 | Erum á facebook



TÓKU VEL Á MÓTI KERTASNÍKI Kertasníkir fékk heldur betur góðar móttökur er hann leit við á jólasýningu Árbæjarsafns í gær. Brosmildir gestir fylgdu jóla-sveininum hvert fótmál, en á sýningunni er hægt að fræðast um hvernig jólin voru undirbúin í gamla daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dánarorsök ókunn tæpu ári eftir andlát

Enginn réttarmeinafræðingur hefur verið starfandi á landinu árum saman. Ættingjar um fimmtíu einstaklinga bíða þess nú að fá niðurstöður um dánarorsök úr krufningu. Alþjóðlegur skortur er á sérfræðingum á þessu sviði segir yfirlæknir.

HEILBRIGÐISMÁL Dæmi er um að aðstandendur þurfi að bíða í rúmlega tíu mánuði eftir að fá niðurstöður um dánarorsök eftir krufningu hjá Landspítalanum. Enn á eftir að rannsaka dánarorsök um 50 einstaklinga sem létust á árinu. Tíu mánuðir eru liðnir frá því að eiginkona Viðars Gíslasonar varð bráðkvödd en enn hefur hann ekki fengið að vita dánarorsökina.

„Þetta hvílir mjög þungt á mér og öðrum aðstandendum. Það er óþægilegt fyrir okkur að fara í kirkjugarðinn og tala við konuna mína og vita ekki úr hverju hún dó. Fólk skilur þetta kannski ekki nema hafa lent í þessu sjálft,“ segir Viðar.

Honum var upphaflega sagt að tvo til þrjú mánuði tæki að fá skorið úr um dánarorsök konunnar í kjölfar krufningar, en hefur enn engin svör fengið. Hann segist ítrekað hafa kannað stöðu málsins hjá Landspítalanum.

„Ég er ekki kominn yfir reiðina, sérstaklega eftir að ég frétti í lok september að krabbameinsfrumur hefðu fundist í maganum á henni. Hún fór í gegnum fjölda læknisrannsókna síðustu ár og í þeim kom aldrei neitt tengt krabbameini fram,“ segir Viðar.

„Ef hún er búin að fara í allar þessar rannsóknir og ekkert hefur fundist en svo finnst krabbamein núna þegar hún er krufin hlýtur sú spurning að vakna hversu lengi það hefur verið þarna.“

Um það bil fimmtíu rannsóknur á einstaklingum sem látist hafa á árinu er ólukið, segir Bjarni A. Agnarsson, yfirlæknir á rannsóknarstofu í meinafræði á Landspítalanum.

Enginn sérfræðingur í réttarmeinafræði hefur verið starfandi við spítalann síðustu ár. Aðeins einn íslenskur læknir með þá sérhæfingu er starfandi í dag, en hann flutti af landi brott fyrir

„Þetta hvílir mjög þungt á mér og öðrum aðstandendum. Það er óþægilegt fyrir okkur að fara í kirkjugarðinn og tala við konuna mína og vita ekki úr hverju hún dó.“

Viðar Gíslason

nokkrum árum. Landspítalinn hefur því fengið erlenda sérfræðinga til að koma hingað reglulega og sinna þeim verkefnum sem til falla.

„Þetta leiðir til þess að málin tefjast. Þetta er ástand sem við erum ekki ánægðir með en svona er þetta,“ segir Bjarni. „Helst vildi ég að öll mál klárudust á eðlilegum tíma, tveimur til þremur mánuðum, en við höfum ekki náð því eins og staðan er.“

- bj

Þúsundum tonna hent í sjó: Miklum verðmætum fleygt

SJÁVARÚTVEGUR Þúsundum tonna af rækjuskel frá rækjuvinnslu er veitt í sjóinn á hverju ári, þrátt fyrir að reglur kveði á um að allur úrgangur skuli færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð.

Tvær rækjuvinnslur af þeim fimmm sem eru starfandi hér á landi veita öllum úrgangi í sjóinn. Hrátið sem til fellur er verðmætt hráefni til lyfja- og snyrtivöruframleiðslu en fjarlægðir og samgöngur koma í veg fyrir að hráefnið sé nýtt hjá þessum tveimur rækjuvinnslum.

- shá / sjá síðu 4



JOE BOXER

Kringlunni,
Smáralind og
Glerártorgi,
Akureyri

JÓLATILBOÐ Gildir frá 10. des - 30. des

FLI BABA Kr. 1500.-

Flame grilled chicken m/gosi

Flame grilled lamb m/gosi

Alibaba shawerma m/gosi

Shawerma máltíð m/gosi

SPURNING DAGSINS



Halldór, verður ekki bara hlegið að ykkur eins og venjulega?

„Jú, vonandi.“
Halldór Halldórsson og félagar í Mið-Íslandi munu gera upp árið með uppstandi í Þjóðleikhúsinu 29. desember.

Minnihlutinn í bæjarstjórn segir áætlanir um starfsemi Hafnarfjarðarhafnar hafa brugðist:

Vilja kannna kosti inngöngu í Faxaflóahafnir

HAFNARFJÖRÐUR Sjálfstæðismenn sem eru í minnihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafa lagt til að farið verði í viðræður um hugsanlega sameiningu Hafnarfjarðarhafnar og Faxaflóahafna.

Í tillögnum sem lögð var fram á síðasta bæjarstjórnarfundum er gert ráð fyrir viðræðum við forsvarsmenn Faxaflóahafna um kosti sameiningar eða að samstarf hafnanna verði aukið til muna. „Markmiðið yrði fjárhagslegur ávinningur í formi hagræðingar, aukin

atvinna í Hafnarfjarðarhöfn og auknar tekjur fyrir bæjarfélagið,“ segir í tillögnum. Fram kemur að þótt Hafnarfjarðarhöfn hafi verið helsti burðarás í atvinnulífi bæjarinnar hafi skipakomum og fiskiskipum fækkað hin síðari ár.

„Ráðið var í mikla fjárfestingu þegar ákveðið var að stækka hafnarsvæðið við Hvaleyri. Áætlanir gerðu ráð fyrir aukinni starfsemi í og við Hafnarfjarðarhöfn en því miður hafa þær áætlanir ekki staðist og er stór hluti

landfyllingarinnar nýttur undir geymslupláss og húsnæði sem lítil starfsemi er í. Þá er nýting á legu- plássum við hafnarbakkanna langt undir væntingum,“ segir í greinargerð.

„Hagræðing af sameiningu er líkleg til að geta skilað tugum milljóna króna í sparnað fyrir báðar hafnir og gera má ráð fyrir aukinni starfsemi í Hafnarfjarðarhöfn, sem hefði í för með sér fleiri atvinnutækifæri og meiri tekjur fyrir Hafnarfjörð.“



HAFNARFJARDARHÖFN Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði telja hafnarstarfsemi geta eflst með sameiningu eða samstarfi við Faxaflóahafnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FÝLAR Í SJÓ Erlendur tók sigurmyndina þegar hann var að kafa nálægt landi skammt frá Strákagöngum við Siglufjörð. MYND/ERLENDUR GUBMUNDSSON

Erlendur Guðmundsson sigraði í Fugl fyrir milljón:

Fékk milljón fyrir ljósmynd

KEPPNI Atvinnukafarinn Erlendur Guðmundsson vann ljósmyndasamkeppnina Fugl fyrir milljón og hlaut í verðlaun eina milljón króna. Hann sendi inn mynd af fýlum í sjó sem hann tók þegar hann var að kafa nálægt landi skammt frá Strákagöngum við Siglufjörð. „Hún er tekin með sérstakri köfunarmyndavél sem ég nota mikið við vinnu og í persónulegum tilgangi en ég er áhugalljósmyndari líka og mynda mikið neðansjár. Ég á orðið ágætis myndabanka af lífríkinu og er alltaf að safna meiru,“ segir Erlendur. Keppnin var á vegum Brimnes hótels og bústaða í Ólafsfirði og Rauðku á Siglufirði og öllum var heimil þátttaka. Eina skilyrðið var að myndin væri tekin á Tröllaskaga eða eyjunum Hrísey, Grimsey, Drangey eða Málmey. - trs

Nýtt Vitahverfi lokki ferðafólk á búðarápi

Verzlunareigendur og hönnuðir með starfsemi umhverfis Vitastíg vilja fá borgina í samstarf um svæði sem fái nafnið Vitahverfi, eða Lighthouse Village. Skapa á nýja ímynd til að draga ferðamenn og aðra viðskiptavinum ofar í miðborgina.

SKIPULAGSMÁL „Borgin er til í ýmislegt skemmtilegt,“ segir Pálmi Freyr Randversson, verkefnisstjóri á umhverfis- og samgöngusviði, um ósk um að skilgreint verði sérstakt Vitahverfi í miðborginni.

Pálmi segir hagsmunadila umhverfis Vitastíg og nálægar götur hafa tekið sig saman um að koma því svæði betur á kortið. Pálmi segir að svæðið hafi ekki verið endanlega skilgreint en rætt er um að það afmarkist af Vitastíg, Laugavegi, Frakkastíg og Skúlagötu, fái heitið Vitahverfi og hafi eigið skjaldarmerki. Upp á ensku er nafnið Lighthouse Village – Creative Quarter, eða Vitaþorp – skapandi hverfi.

„Þetta eru fataverslanir, hótel og veitingastaðir auk hönnunarfólks sem vilja koma svæðinu á framfæri við bæði erlenda ferðamenn og Íslendinga með því að benda á hversu mikið af spennandi hlutum séu að gerast þar,“ segir Pálmi, sem kveður þessa aðila óska eftir liðveislu og samstarfi borgaryfirvalda í málinu. „Það snýst meðal annars um að borgin gefi þeim leyfi til að gera ýmsa hluti, til dæmis að mála umhverfispollana sem eru á gangstéttum og dulbúa þá sem litla vita. Einnig að hverfið fái skilti með eigin skjaldarmerki sem þau hafa látið hanna og er fyrir verslanir og götur sem eru í þessu bandalagi.“

Pálmi kynnti verkefnið fyrir umhverfis- og samgönguráði borgarinnar í lok nóvember. Þar var hugmyndinni vel tekið og er hún nú á leið fyrir skipulagsráð. „Okkur finnst frábært þegar



HORN VITASTÍGS OG LAUGAVEGAR Verzlunareigendur og hótelhaldarar vilja skilgreina Vitahverfi sem skapandi og spennandi svæði. Dulbúa á grænu gangstéttarpollana sem litla vita. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

aðilar taka sig saman á þennan hátt, þegar er ekta verkefni sem getur gengið vel af því að það er sjálfspretti í grasrótinni og menn eru að vinna fyrir sínum hagsmunum,“ segir hann.

Að sögn Pálma er umrætt svæði dálítið á milli póla í miðborginni. „Fyrir neðan hefur verið mikið að gerast með göngugötum og sumar götum. Fyrir ofan þetta svæði hefur líka margt verið að gerast, til dæmis er Hlemmur aðeins að endurfæðast og það er að verða til hönnunar- miðstöð ofar á Laugaveginum og fleira spennandi. Menn hafa því verið að tala saman um hvernig þeir geti lyft svæðinu aðeins upp.“

Vitahverfisnafnið dregur nafn af Vitastíg en einnig vitanum sem



VITAHVERFI Sigurður Oddsson, grafískur hönnuður, gerði þessa tillögu að skjaldarmerki Vitahverfis.

Vitastígur er kenndur við. „Í bakgarði Kex Hostel var grafið niður á sökkul gamals vita sem þar var. Nú er þessi hópur að ræða um að endurreisa þennan vita.“ gar@frettabladid.is

Umsagnir um stjórnarskrá: Nefndir fram úr skilafresti

STJÓRNAMÁL Útséð er um að nefndir á Alþingi skili umsögnum sínum um stjórnarskrárfrumvarpið í dag eins og ráð var fyrir gert. Álfheiður Ingadóttir, varaformaður eftirlits- og stjórnskipunarnefndar, segir þetta ekki munu koma að sök. Fram hafi komið að nefndirnar myndu væntanlega flestar skila umsögnum í þessari viku. „Það er alvanalegt að það tefjist að nefndir skili inn umsögnum,“ segir Álfheiður, sem kveðst ekki telja að þessi töf breyti teygi framgang málsins á þingi. „Í sjálfu sér var þetta eins og við var að búast. Ég held að þetta muni ganga sinn vanangang.“ - gar

Handrukkari í fangelsi: Handleggsbraut mann fyrir að kyssa á hönd

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt Davíð Örn Sigurðsson, 28 ára, í fimmtán mánaða fangelsi fyrir hrottafengna handrúkkun í ágúst 2010.

Davíð braut sér leið inn í íbúð og réðst með kúbeini á tvo menn sem þar voru. Hann hafði verið fenginn til að innheimta 200 þúsund krónur af öðrum þólandanum, greindarskertum manni sem hafði unnið sér það til saka að kyssa á hönd rangrar stúlku. Sá handleggsbrotnaði í árásinni. Davíð er dæmdur til að greiða honum 600 þúsund krónur í miskabætur. - sh

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Opnaðu eyrun þyrru tekibærinu

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Matvælastofnun lokar kúabúum í Borgarfirði og Reykhólasveit vegna óþrifa: Kýrnar í saur upp á miðja leggi

LANDBÚNAÐUR Matvælastofnun hefur lokað kúabúinu á Brúarreykjum í Borgarbyggð. Að því er Ríkisútvarpið sagði frá í gær hafa forsvarsmenn búsins ekki orðið við margítrekuðum kröfum um úrbætur á búinu.

Samkvæmt frétt RÚV í gær er ástandið á Brúarreykjum langt frá því að uppfylla kröfur sem gerðar eru til kúabúa. Auk þess sem þar hefur verið gríðarlegur óþrifaður er mjög þröngt um skepunar, sem hirstast níutíu saman í fjósi sem byggt er fyrir sextíu kýr. Myndir sem RÚV sýndi innan úr fjósinu gáfu mynd af viðbjóðslegum aðstæðum þar sem kýrnar óðu eigin saur upp á miðja leggi. Sérstök rannsókn mun vera hafin hjá stofnuninni á því hvort dýraverndunarlög hafi verið brotin á Brúarreykjum.

Steinninn tók að sögn RÚV úr þegar héraðsdýralæknir mætti að Brúarreykjum 15. nóvember eftir margar heimsóknir fyrir á árinu. Fimm dögum síðar var tekið fyrir vinnslu kjöts og mjólkur af búinu. Að auki afturkallaði Matvælastofnun nýllega leyfi til reksturs kúabús á Ingunnarstöðum í Reykhólahreppi, þar sem saurgerlar fundust í vatnssýni og neitað var að fara að kröfum um úrbætur. - gar

→ **Brúarreykir í Borgarfirði**



iPhone jól hjá Nova!

2.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
iPhone 5
hjá Nova!

iPhone 5 16 GB

169.990 kr. stgr.
9.990 kr. á mán. í 18 mán.

0 kr.
Nova
í Nova!

1.000 mínútur og 500
SMS/MMS á mánuði



1.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
iPhone 3GS
hjá Nova!



iPhone 3GS 8 GB

49.990 kr. stgr.
2.990 kr. á mán. í 18 mán.

1.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
iPhone 4S
hjá Nova!



iPhone 4S 16 GB

109.990 kr. stgr.
6.790 kr. á mán. í 18 mán.

1.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
iPhone 4
hjá Nova!



iPhone 4 8 GB

84.990 kr. stgr.
5.190 kr. á mán. í 18 mán.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

0 kr. Nova í Nova: Ekkert mánaðargjald í frelsi en 690 kr. í áskrift og þá fylgir 100 MB netnotkun á mánuði.

Simnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkortu + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.



ÓPIÐ TIL 22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
NÝTT KORTATÍMABIL

AF ÖLLU HJARTA

Kringlan

JÓLAGJAFAHANDBÓK
KRINGLUNNAR

*Taktu þitt eintak með í
jólagjafaleiðangurinn.*

KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

25 ♥ ÁRA

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða fyrirverandi fegurðardrottning fær málflutningsréttindi á næstunni?
2. Í hvaða landi er nýtt félagslið Ólafs Stefánssonar handboltamanns?
3. Hvaða verslun reka hjónin Rakel Halldórsdóttir og Arnar Bjarnason saman?

SVÖR

1. Ummur Birna Vilhjálmssdóttir 2. Katar 3. Fnt Laugú

Hámarksverðmæti gjafa frá útlöndum sem ekki þarf að borga toll af hefur staðið í stað:

Ekki sama gjöf og brúðargjöf hjá tollinum

VERSLUN Brúðargjafir frá fólki búsettu erlendis eru tollfrjálstar en hámarksverðmæti annarra gjafa frá útlöndum sem ekki þarf að borga toll af er 10 þúsund krónur. Hámarkið hefur staðið í stað í riflega fjögur ár.

Fréttablaðið greindi frá því 28. nóvember síðastliðinn að leyfilegt hámarksverðmæti varnings sem ferðamenn mættu taka með sér til landsins tollfrjálst hefði staðið í stað frá árinu 2008 þrátt fyrir að verðlag hefði hækkað um tæplega þriðjung síðan og gengisvísitala krónunnar veikst um riflega þriðjung.

Það sama gildir um hámarksverðmæti gjafa frá fólki búsettu erlendis sem senda má til

Íslands tollfrjálst. Hámarksverðmæti slíkra gjafa er 10 þúsund krónur og ber að greiða toll af verði gjafarinnar umfram 10 þúsund krónur.

Hefði hámarkið fylgt verðlagi væri það 13.528 krónur í dag og 13.048 krónur ef miðað væri við þróun gengisvísitalu krónunnar.

Athygli vekur þó að brúðargjafir eru undanþegnar frá tollum. Leyfilegt er að gefa brúðargjafir að verðmæti meira en 10.000 krónur án þess að greiddir séu tollar af gjöfunum, sé ekki lengra en hálf tónn frá viðkomandi brúðkaupi. Sá fyrirvari er þó í reglugerðinni um tollfríðindi að gjöfin þarf að vera „eðlileg og hæfileg“ að mati tollstjóra.



JÓLAGJAFIR Greiða þarf toll af jólagjöfum að utan að verðmæti meira en 10.000 krónur en ekki af brúðargjöfum.



Veitingarekstur

Flughótel Smári við Leifsstöð leitar að rekstraaðila fyrir veitingastað sem verður staðsettur í hótlinu.

Rekstraaðilinn þarf að sjá um að innrétta og reka staðinn. Leggjum áherslu á að gestir hótelsins hafi aðgang að veitingum í bestu gæðum. Veitingasalurinn mun taka um 40 - 50 manns í sæti auk vínbars. Viðkomandi þarf að hafa langa reynslu af veitingarekstri og vera tilbúin að bæta við sig verkefnum á vaxandi stað.

Áhugasamir leggi inn fyrirspurnir á hotel@hotelsmari.is fyrir 18. desember.

SJÁLFSTÆÐI OG VAL ELÐRA FÓLKS


Opinn fundur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar þann 10. desember kl. 12.00 - 13.30 í Iðnó

DAGSKRÁ

- 12.05 Setning 105. fundar mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar**
Margrét Kristjana Sværissdóttir, formaður mannréttindaráðs
- 12.10 Að eiga val**
Berglind Magnúsdóttir, sálfræðingur
- 12.25 Um menningu og mannréttindi**
Jón Björnsson sálfræðingur og rithöfundur
- 12.45 Sjálfstæði aldraðra**
Sigrún Huld Þorgrímsdóttir, hjúkrunarfræðingur
- 13.00 Þriðja æviskeiðið - ný tækifæri**
Ingibjörg Rannveig Guðlaugsdóttir formaður U3A
- 13.15 Fyrirspurnir og umræður**
- 13.30 Fundarslit**


Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir
Súpa og brauð í boði

www.reykjavik.is/mannrettindi



NEYSLUÚTGJÖLD Á HVERT HEIMILI

að meðaltali á ári 2009-2011 5,322 milljónir



Lítið samræmi milli tekna og útgjalda

Rannsókn Hagstofu á útgjöldum heimilanna leiðir í ljós mikinn mun milli þeirra tekjuhæstu og þeirra tekjulægstu. Minni tekjumunur er þó á þeim sem hafa hæst og lægst útgjöld. Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa aukist líttlega.

FÓLK Meðaltekjur þess fjórðungs heimila sem hefur hæstar tekjur eru 147 prósentum hærri en þess fjórðungs sem hefur lægst tekjur. Munurinn á útgjöldum þar á milli er 63 prósent. Hins vegar kemur í ljós, þegar horft er til þess fjórðungs heimila sem hæst útgjöld hefur, að sá hópur er með 148 prósentum hærri útgjöld en sá fjórðungur sem minnst útgjöld hefur. Tekjumunurinn á þeim hópum er hins vegar aðeins 30 prósent. Samkvæmt því er ekki mikið samræmi milli hárra tekna og mikilla útgjalda.



Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna. Könnunin byggir á svörum frá 1.799 íslenskum heimilum og ber saman árabílin 2008 til 2010 annars vegar og 2009 til 2011 hins vegar.

Þar segir jafnframt að ráðstöfunartekjur meðalheimilis á Íslandi á árunum 2009 til 2011 hafi verið rúmlega 514 þúsund krónur á mánuði og hafi hækkað um 1,1 prósent frá fyrra árabílinu.

Á sama tíma hækkuðu neysluútgjöld heimilanna um 0,4 prósent að meðaltali og voru 86 prósent af ráðstöfunartekjum 2009 til 2011,

BÚSETUFORM

2009-2011 og 1995



en voru 87 prósent 2008 til 2010. Sé litið til heimilisgerðar nýta einhleypir hæst hlutfall tekna í neysluútgjöld, alls 95,3 prósent.

Skipting útgjalda breyttist líttlega milli tímabila þar sem hlutur húsnæðis, rafmagns og hita hækkar um rúm 1,4 prósentustig og var orðinn 26,5 prósent. Hlutfall matar og drykkjar hækkar úr 14,1 prósentu upp í 14,7. Hins vegar lækkar hlutfall kostnaðar vegna kaupa á húsgögnum og húsbúnaði, menningar

og tómstunda og ferða og flutninga. Í hinu síðastnefnda gæfir enn samdráttar í sölu nýrra bíla.

Ýmsar forvitnilegar staðreyndir má finna í skýrslunni, meðal annars þá að meðalfjöldi á heimilisfólks á íslenskum heimilum er 2,4 einstaklingar, 12,5 prósent heimila á sumarhús eða hesthús og einungis fjórðungur heimila er með áskrift að fréttablöðum, sem er lækkun úr nær 60 prósentum fyrir tæpum áratug.

Ísland er eitt þeirra 37 ríkja sem takmarka losun fram til ársins 2020:

Kyoto-bókunin framlengd

UMHVERFISMÁL Kyoto-bókunin um losun gróðurhúsalofttegunda hefur verið framlengd til ársins 2020. Þetta var ákveðið á loftslagsráðstefnunni í Doha í Katar um helgina.

Ef ekki hefði verið komist að þessu samkomulagi hefði bókunin fallið úr gildi um áramót.

Ísland er eitt ríkanna sem taka á sig skuldbindingar um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Alls taka 37 ríki þátt á þessu nýja tímabili; öll nema eitt eru Evrópuríki. Japan, Kanada, Nýja-Sjáland og Rússland, sem voru með í Kyoto-bókuninni upphaflega, verða ekki með nú. Á loftslagsráðstefnunni komst að sögn umhverfisráðuneytisins skriður á samningaviðræður sem miða að



MÓTMÆLT Bárð Vegar, umhverfisráðherra Noregs, spjallaði við mótmælendur við lok ráðstefnunnar í Doha um helgina.

bindandi skuldbindingum fyrir öll ríki. Stefnir er að því að sá samningur verði kláraður árið 2015 og taki gildi 2020.

Ísland ætlar að uppfylla sínar skuldbindingar annars vegar með

þátttöku í evrópsku viðskiptakerfi um losnarheimildir og hins vegar með aðgerðaáætlanum í loftslagsmálum. Stóriðja, flug og fiskvinnsla að hluta eru innan evrópska viðskiptakerfisins.

Frítt eldsneyti í eitt ár.



Þeir sem kaupa verksmiðjuframleiddan Volkswagen Passat metanbíl í desember fá frítt metangas í eitt ár*. Að auki fá eigendur Passat EcoFuel frítt í stæði í Reykjavík ásamt því að njóta hagstæðari kjara á lánum hjá fjármögnunarfyrirtækjum.

Komdu við í HEKLU og kynntu þér hina fjölmörgu kosti Volkswagen Passat EcoFuel.

**Passat Variant kostar frá
4.190.000 kr.**

* Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu var meðalakstur fólksbíla 12.255 km árið 2011. Miðað við 6,6 m³ meðaleyðslu Passat EcoFuel er árlegur eldsneytiskostnaður því 120.000 kr. miðað við verð á metani 4. desember 2012.

Vissir þú að auk 22 kg metantanks, sem dugir í um 430 km akstur, er Passat EcoFuel með 31 lítra bensíntank sem þú kemst á um 450 km miðað við langkeyrslu?



Das Auto.

Hefur áður verið dæmdur: Hótaði konu sinni með hnífi

DÓMSTÓLAR 53 ára gamall maður sem ógnaði eiginkonu sinni með hnífi síðasta sumar hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi.

Maðurinn hótaði konunni lífláti, en hún skarst á fingrum þegar hún reyndi að losa sig. „Ákærði hefur skýlaust játað brot sín,“ segir í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Þar kemur fram að hann hafi staðist skilorð eldri dóms fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum. Ekki þótti fært að skilorðsbinda refsinguna nú. - óká

Ábendingar um misnotkun: Eftirlit hert með tramadoli

HEILBRIGÐISMÁL Lyf sem innihalda tramadol verða eftir áramót eftirritunarskyld, samkvæmt ákvörðun Lyfjastofnunar. Ákveðið var að skoða málið vegna vaxandi notkunar og fjölgunar ábendinga um mögulega misnotkun lyfja sem innihalda tramadol, sem er sagt verkjastillandi lyf af flokki ópíóíða og er notað við meðallagi miklum til mikilla verkja. Eftirritunarskyldan þýðir að ekki má ávísa lyfjunum með símalýfseðlum og myndsendum lyfseðlum. - óká

Suður-afríska þjóðin fylgist með heilsufari fyrrverandi forseta:

Mandela lagður inn á sjúkrahús

SUÐUR-AFRÍKA, AP Forseti Suður-Afríku, Jacob Zuma, heimsótti fyrrverandi forseta landsins, Nelson Mandela, á sjúkrahús í gærmorgun. Mandela, sem er 94 ára gamall, var lagður inn á sjúkrahús í Pretoríu á laugardagskvöldið til rannsókna en ekki er vitað hvað amar að honum.

Talsmaður forsetaskrifstofunnar, Mac Maharaj, sagði í tilkynningu að Mandela liti vel út, hefði fengið nægan svefn og hlyti góða umönnun á sjúkrahúsinu. Í til-



NELSON MANDELA

stöku sinnum.

Suður-afríska þjóðin fylgist vel

kynningunni kom einnig fram að landsmenn ættu ekki að óttast um Mandela og áréttáði að sökum aldurs þyrfti forsetinn fyrrverandi að leita sér hjálpar á sjúkrahúsi

með heilsufari Mandela enda er hann talinn faðir þjóðarinnar og fóru bænastundir fram í Soweto í Jóhannesborg í gær.

Mandela hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1993. Hann sat í fangelsi í 27 ár fyrir pólitískar skoðanir sínar og baráttu gegn kynþáttaóskilnaðarstefnunni. Hann var fyrsti lýðræðilega kjörni forseti Suður-Afríku og gegndi því embætti á árunum 1994-99. Mandela hefur haldið sig frá sviðsljósinu síðan árið 2004. - áp

elica
COLLECTION

25% AFSLÁTTUR

Elica háfar **EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Spá ágætisveðri í desember:

Jólin verða í vaxandi tungli sem boðar gott

VEÐUR Ætlað er að veðurfar verði með ágætum í desember, þó svo að smávægilegar umhleypingar verði, samkvæmt spá Veðurklúbbsins á Dalbæ. Greint er frá nýrri spá klúbbsins á vef Dalvíkurbyggðar.

„Ekki er reiknað með mikilli úrkomu þó svo að slíti úr honum annað veifið,“ segir í spánni.

Bent er á að jólin verði í vaxandi tungli, sem þyki boða gott árferði. Því til áréttingar lætur klúbburinn fylgja eftirfarandi vísu:

*Hátíð jóla hygg þú að,
hljóðar gamall texti.
Ársins gróða þýðir það,
ef þá er tungl í vexti.*

- óká



Á **FUNDI EXISTA** Lýður Guðmundsson við kynningu á hálfársuppgjöri Exista árið 2008. Hann var stjórnarformaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gagnrýnir lögregluna

Lýður Guðmundsson gerir „alvarlegar athugasemdir“ við vinnubrögð lögreglunnar í máli gegn honum. Hann segir að villt hafi verið um fyrir vitnum í yfirheyrslum og tilefnislausar húsleitir verið gerðar.

DÓMSMÁL Lýður Guðmundsson gerir „alvarlegar athugasemdir“ við rannsóknaraðferðir lögreglu í máli gegn honum og Bjarnfreði H. Ólafssyni lögmanni. Í greinargerð verjanda Lýðs, Gests Jónssonar, eru rannsóknaraðferðir lögreglunnar sagðar í ósamræmi við grundvallarreglur sakamállaga og að lögregla hafi brotið gegn hlutlægni- og meðalhófsreglum.

Lýður er ákærður fyrir stórfellt brot gegn hlutafélagalögum. Honum er gefið að sök að hafa vísitandi brotið gegn ákvæðum um greiðslu hlutafjár með því að greiða minna en nafnverð fyrir nýtt hlutafé í Existu í desember 2008. Nafnvirði hlutanna var fimmtíu milljarðar en lagður var fram einn milljarður. Upphæðin rann aldrei inn í rekstur Existu samkvæmt ákærinni. Hann er ákærður sem stjórnarmaður einkahlutafélagsins BBR, sem keypti umrætt hlutafé og borgaði fyrir það með hlutum í einkahlutafélaginu Kvakki.

Þá eru Lýður og Bjarnfreður ákærðir fyrir að hafa vísitandi skýrt rangt og villandi frá hækku á hlutafé Existu þegar tilkynning var send til hlutafélagaskrár, en þar kom fram að hlutafjárhækkunin hefði að fullu verið greidd. Brotin varða allt að tveggja ára fangelsi.

Það að ákærinni sé ekki beint að stjórn félagsins, sem tók ákvörðun um hækkun og útgáfu nýs hlutafjár, vekur athygli, segir í greinargerðinni.

“Pegar ákæra var gefin út hafði málið verið til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara í um 33 mánuði.

Gestur Jónsson

Lýður segir lögreglu hafa reynt að villa um fyrir vitnum málsins við rannsóknina, og gagnrýnir það harðlega. Lögregla hafi lagt hald á skjöl sem staðfestu vaxtagreiðslu Existu af sambankaláni sem var á gjalddaga 5. desember 2008. Þrátt fyrir það segir Lýður að fyrrverandi stjórnarmönnum hafi verið sagt við yfirheyrslur að engin slík skjöl hafi fundist í húsleitum.

Þá segir í greinargerðinni að gripið hafi verið til tilefnislausra þvingunarráðstafana gegn honum. Tilefnislaus húsleit hafi verið gerð á heimilum hans bæði á Íslandi og í Bretlandi, en engin gögn sem voru haldlögð þar voru lögð fram fyrir dómi.

Sími Lýðs var hlerður í tæpan mánuð árið 2010. Hann er ósáttur við að hann hafi ekki verið upplýstur um hleranirnar fyrr en tveimur árum eftir að þeim lauk. Þá hafi engin símagögn verið lögð fram fyrir dómi.

Lýður gagnrýnir líka þann drátt sem varð á rannsókn málsins. Skýrslur voru teknar í janúar og febrúar 2010, en þegar ákæran var gefin út hafði málið verið í rannsókn hjá sérstökum saksóknara í um 33 mánuði. thorunn@frettabladid.is

GEFÐU JÓLAGJÖF

ALLIR FÁ ÞÁ EITTHVAÐ FALLEGT

Fyrir andvirði þessa gjafabréfs á gjofsemgefur.is fá efnalitir foreldrar á Íslandi gjafakort í verslun með leikföng, bækur og föt og geta þeir valið barni sínu gjöf eftir þörfum þess og óskum.

www.gjofsemgefur.is

 **Hjálparstarf
kirkjunnar**

JÓLATILBOÐ REKKJUNNAR!



VIÐ HÖFUM FENGIÐ
TAKMARKAÐ MAGN
AF HEILSURÚMUM
FRÁ USA SEM VIÐ
ÆTLUM AÐ SELJA
MEÐ SÉRSTÖKUM
JÓLA-AFSLÆTTI!

LAGERSALA BEINT FRÁ USA

**50%
AFSLÁTTUR**

GREY
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 199.300 kr.
99.650 kr.

GREY
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 302.000 kr.
151.000 kr.

**AÐEINS
20
RÚM!**

WHITE
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 299.900 kr.
149.950 kr.

WHITE
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 398.100 kr.
199.050 kr.

**50%
AFSLÁTTUR**

JÓLATILBOÐ

**Dún- og
fidursæng**

(140x200 cm)
Fullt verð 13.900 kr.

9.730 kr.

JÓLATILBOÐ

Dúnsæng

(140x200 cm)
Fullt verð 28.840 kr.

19.936 kr.

JÓLATILBOÐ

**20-30%
AFSLÁTTUR AF
HEILSUKODDUM**

VERÐ FRÁ 4.550 Kr.

the
sleep
doctor
MICHAEL BREUS
PHD

**EINN SÁ
ALLRA
BESTI!**

JÓLATILBOÐ

**20% AFSLÁTTUR
AF Dr. BREUS
HEILSUKODDUM**

rekkjan

H E I L S U R Ú M

KRONAN

Coca-Cola

KAUPAUKI

2012

Hátíðarkökur fylgja með kaupum á kippu af 4x2L Coke*

MED HVERRI KIPPU

FÆRÐ ÞÚ

4x2L

1 kökubox

* Gildir um 4x2L Coke, Coke light eða Coke Zero á meðan birgðir endast.

"Coca-Cola", the design of the "Coca-Cola" red disc icon, contour bottle and Santa are trademarks of the Coca-Cola Company. ©2012 The Coca-Cola Company

Forseti Venesúela hefur aftur greinst með krabbamein: Vill að þjóðin styðji varaforsetann

VENESÚELA Forseti Venesúela, Hugo Chavez, greindi frá í sjónvarpsávarpi í fyrrkvöld að hann hefði aftur greinst með krabbamein.

Chavez greindist fyrst með krabbamein um mitt ár 2011 og hefur síðan gengist undir tvær aðgerðir og meðferðir á Kúbu. Nú hafa veikindin tekið sig upp að nýju aðeins tveimur mánuðum eftir að hann var endurkjörinn í embætti, en í kosningabaráttunni sagðist hann hafa sigrast á krabbameininu.

Ekki er ólíklegt að efnt verði til nýrra forsetakosninga bráðlega vegna veikinda Chavez. Í ávarpinu á laugardaginn sagði Chavez að ef kosið yrði á ný ættu stuðningsmenn hans að kjósa Nicolas Maduro varaforseta í embætti forseta. Chavez hefur gegnt forsetaembættinu í þrettán ár, frá árinu 1999.



CHAVEZ OG MADURO Hugo Chavez biðlaði til þjóðar sinnar að kjósa varaforsetann Nicolas Maduro (t.h.) í sinn stól, færi svo að hann þyrfti að hætta í embætti. NORDICPHOTOS/AFP



Í BYGGINGU Fjölmargir húsbýggjendur hafa sótt um undanþágu frá nýrri byggingarreglugerð, en frestur til að sækja um undanþágu rennur út um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í kappi við tímann vegna reglugerðar

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að falla frá umdeildum ákvæðum í nýrri byggingarreglugerð. Gæti slegið á gríðarlegan fjölda umsókna um undanþágu sem berst byggingarfulltrúum sveitarfélaganna um þessar mundir.

STJÓRNSÝSLA Holskefla teikninga að nýbyggingum hefur skolið á byggingarfulltrúum sveitarfélaga á undanföllum vikum vegna breytinga á byggingarreglugerð. Umhverfisráðherra hefur nú ákveðið að falla frá umdeildustu breytingunum í reglugerðinni.

Ný byggingarreglugerð með auknum kröfum um nýbyggingar tók gildi í febrúar, en hægt er að fá undanþágu og fara eftir eldri reglugerð sé sótt um fyrir áramót. Talið hefur verið að nýbyggingar yrðu umtalsvert dýrari vegna nýju krafanna, og því hafa verktakar keppt við að koma teikningum að nýbyggingum í gegnum kerfið í tæka tíð.

„Þetta hefur verið tvöföld eða þreföld holskefla,“ segir Gísli Norðdahl, byggingarfulltrúi í Kópavogi. Hann segir fjöldann hafa byrjað að aukast síðasta sumar og hann sé nú margfaldur á við venjulegt ár.

Í sama streng tekur Björn Stefán Hallsson, byggingarfulltrúi í Reykjavík. „Það eru fjölmörg verkefni að koma inn sem eru allstór, og það skiptir verulegu máli fyrir þá sem eru með þau verkefni að fá þessa undanþágu,“ segir Björn. „Það er greinilegt að menn vilja reyna að ná þessu til að ná þeirri hagkvæmni sem í því felst.“

Í greiningu sem unnin var fyrir Samtök iðnaðarins kom fram að byggingarkostnaður yrði nærri tíu prósentum hærra vegna ákvæða í nýju reglugerðinni. Var þar meðal annars tekið tillit til nýrra ákvæða

Nýjar kröfur til nýrra húsa

- Ný byggingarreglugerð tók gildi í febrúar síðastliðnum. Í henni eru umdeild ákvæði um dýrari einangrun, stærri rými og fleira sem talið var að myndi auka kostnað við húsbýggingar.
- Þeir sem ætla að byggja hús geta sótt um undanþágu frá þessum hertu reglum, en frestur til þess rennur út um áramót.
- Fá húsbýggjendur undanþágu geta þeir farið eftir gömlu byggingarreglugerðinni við hönnun á húsnæðinu í stað þeirrar nýju.
- Nú hefur verið ákveðið að breyta reglugerðinni til að koma til móts við umkvartanir húsbýggjenda.

um einangrun og stækkun ákvæðinna rýma í byggingunum.

Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunnar, segir að alltaf hafi staðið til að nota tímann frá því reglugerðin tók gildi þar til frestur til að sækja um undanþágu rann út til samráðs við hagsmunaaðila. Nú sé því samráði lokið og umhverfisráðherra hafi í kjölfarið ákveðið að falla frá ýmsum breytingum, til dæmis umdeildum ákvæðum um einangrun. Þá verði önnur ákvæði skýrd nánar til að koma í veg fyrir misskilning.

Ný reglugerð verður gefin út á næstu dögum, og mun hún taka gildi um áramót. „Í henni teljum við að slegið hafi verið á allar áhyggjur um aukinn kostnað vegna einangrunar, og að ekki sé hægt að byggja litlar íbúðir,“ segir Björn.

Hann segir auk þess að Mannvirkjastofnun hafi sýnt fram á að útreikningar Samtaka iðnaðarins hafi ekki gefið rétta mynd af kostnaðarauka, enda hafi þar gætt mis-

„Það er greinilegt að menn vilja reyna að ná þessu til að ná þeirri hagkvæmni sem í því felst.“

Björn Stefánsson
Byggingarfulltrúi í Reykjavík

skilnings um nýju reglugerðina, eða ákvæði hafi verið óskýr.

„Við hjá Samtökum iðnaðarins fögnum því að ráðherra skuli hafa séð að sér,“ segir Friðrik Á. Ólafsson, forstöðumaður byggingarsviðs Samtaka iðnaðarins.

Hann segir breytingar sem gera eigi til mikilla bóta, en óttast að verið sé að keyra breytingarnar í gegn of hratt. Samtökin áttu að fá drög að reglugerðinni í hendur í gær og þurfa að skila umsögn á mánudaginn. Friðrik segir að hætt sé við að ekki verði hægt að rýna nægilega vel í nýju reglugerðina á þeim skamma tíma sem er til stefnu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

bjrann@frettabladid.is



SÓLARHRINGUR SUMARFERÐA

HEFST Í DAG KL. 12:00

SÓLARHRINGSTILBOÐ TIL TENERIFE OG KANARÍ
Á ALLAR JÓLA- OG JANÚARBROTTFARIR

* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn.

KANARÍ JÓL

(19.DES.-4. JAN.)



CORONA BLANCA ☆☆

😊😊☹️ 106.700 KR.*

😊😊 127.600 KR.*

Verð frá 106.700 kr. á mann m.v.
2 fullorðna og eitt barn í íbúð með
1 svefnherbergi. Verð frá 127.600 kr.
á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með
1 svefnherbergi. Brottför: 19. des. - 4. jan.

KANARÍ JANÚAR

(5.JAN.-19.JAN. OG 19.JAN.-2.FEB)



LAS ARENAS ☆☆

😊😊☹️ 98.900 KR.*

😊😊 115.533 KR.*

Verð frá 98.900 kr. á mann m.v.
2 fullorðna og eitt barn í stúdíóíbúð.
Verð frá 115.533 kr. á mann m.v.
2 fullorðna í stúdíóíbúð.
Brottför: 5.jan.-19.jan. eða 19.jan-2.feb.

TENERIFE JANÚAR

(5.JAN.-19.JAN. OG 19.JAN.-2.FEB)



PARQUE DE LAS AMERICAS ☆☆☆

😊😊☹️ 104.900 KR.*

😊😊 124.900 KR.*

Verð frá 104.900 kr. á mann m.v.
2 fullorðna og eitt barn í íbúð með
1 svefnherbergi. Verð frá 124.900 kr.
á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með
1 svefnherbergi.
Brottför: 5.jan.-19.jan. eða 19.jan-2.feb.

Er trúverðugt að þú hafir átt þessa myndavél lengi?

Fjandsamlegar tollareglur

Fréttaðlaðið hefur að undanfögnu haldið áfram umfjöllun um reglur sem gilda um innflutning ferðamanna á tollfrjálsum varningi. Óhætt er að segja að það komi betur og betur í ljós hversu neytenda- og raunar mannfjandsamlegar þessar reglur eru.

Komið hefur fram að tollverðir hika ekki við að taka af fólki dýr tæki á borð við síma og myndavélar ef þau líta út fyrir að vera nýleg og kosta meira en 32.500 krónur, sem er hámarkið sem einn hlutur má kosta án þess að það þurfi að borga af honum toll. Tollurinn tekur reyndar ekki gleraugu af fólki þótt algengt sé að þau séu keypt tollfrjálst í Leifstöð á leið úr landi af því að embættismönnum þykir sem það gæti orðið „erfitt að eiga við“.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Tollverðir eyða síðan tíma sínum og borgaranna í að meta hvort til dæmis fót eru nógu

snjád eða nógu mikið af myndum inni á myndavélum til að það sé „trúverðugt“ að þetta sé ekki nýkeyptur smyglvarningur. Ótrúverðugar græjur eru hirtar af fólki og ferðamaðurinn ber alltaf sönnunarbyrðina; verður að sýna fram á að hann hafi borgað toll af hlutum ef hann vill fá hann aftur.

Ef hann á ekki kvittunina, sem tollinum þykir náttúrulega allra bezt að hann gangi með á sér, þarf hann að framvísa greiðslukortayfirlítinu sínu eða staðfestingu frá seljanda tækisins. Ef ekkert af þessu finnst fá menn sekt og geta endað á sakaskrá.

Gísla Tryggvasyni, talsmanni neytenda, þykja þetta ekki eðlilegar eða réttlátar reglur. Hann sagði í helgarblaði Fréttablaðsins: „Það er hæpið að snúa alveg við sönnunarbyrðinni fyrir því að neytandi hafi keypt vöru áður en hann fór úr landi. Alla vega ekki án þess að bjóða upp á einfalda málskotsleið til óháðs aðila. Hagsmunir einstaklinga fyrir því að fá að kaupa og fara með hluti úr landi og aftur heim hljóta að vega þyngra en skattheimtu hagsmunir ríkisins.“

Í dag segir Fréttablaðið svo frá því að Íslendingar megi ekki fá senda gjöf frá útlöndum sem hafi kostað meira en tíu þúsund krónur án þess að viðtakandinn þurfi að borga toll. Þetta hámark hefur verið óbreytt frá því áður en gengi krónunnar hrundi og þess vegna fæst æ minna fyrir tíuþúsundkallinn. Brúðargjafir eru reyndar undanskildar, þ.e. ef embættismenn tollsins meta það svo að þær séu „eðlilegar og hæfilegar“.

Þetta regluverk er óþolandi fyrir neytendur. Venjulegt fólk sem hefur gert venjuleg innkaup í útlöndum er sett undir smásjá yfirvaldanna, gert tortryggilegt og þarf helzt að ganga með alls konar vottorð og kvittanir á sér á ferðalögum. Þetta fyrirkomulag er algjörlega á skjön í vestrænu, frjálslyndu ríki eins og við höldum stundum að við búum í.

Tollarnir eru að vinna vinnuna sína. Það eru stjórnálmennirnir sem setja þessar fátíðlegu reglur og þeir geta líka breytt þeim. Pólitíkusarnir hafa einhvern tímann verið rúkaðir um minna á kosningavetri.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kaldar kveðjur

Ragnar Arnalds, fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins, varð félagi í Samfylkingunni við hræringar á vinstri væng stjórn mála undir aldarlok. Síðar lá leið hans hins vegar yfir í Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Um þessar mundir nýtir hann krafta sína hins vegar fyrst og fremst á vettvangi Heimssýnar – hreyfingar sjálfstæðisinnna í Evrópumálum. Á heimasíðu þess félagsskaps birtust í gær skilaboð frá Ragnari og félögum, raunar skrifaðar af Páli Vilhjálmssyni, til Vinstri grænna; frá ósk um að flokkurinn þurkaðist út af Alþingi í vor. Það eru kaldar kveðjur.

Knappt um tíma

Fregnir bárust af því í gær að þingnefndir treystu sér ekki til að skila umsögn um frumvarp um nýja stjórnarskrá á réttum tíma til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Til að bregðast við því hefur frestur þeirra verið framlengdur um eina viku, en enn er það stefna stjórnarinnar að ljúka málinu á þessu kjörtímabili.

Heimatilbúinn vandi

Enn og aftur vekur þessi flumbrugangur stjórnarminnihlutans, því ekki hefur hann meiri hluta, furðu. Mánuðum saman sat

stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin yfir drögum stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Það var síðan lagt óbreytt í dóm þjóðarinnar, að viðbættum nokkrum spurningum sem hægt hefði verið að semja á einu eftirmiðdegi. Valgerður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar, hefur fullan hug á að ljúka málinu á yfirstandandi þingi, þó að sérfræðingar vilji meiri tíma. Það er skiljanleg afstaða, en af hverju í ósköpunum var málið dregið svona úr hófi fram?

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Útgerðarmenn innheimta 92% veiðigjald

SJÁVAR-ÚTVEGSMÁL



Kristinn H. Gunnarsson fv. alþingismaður


Mikil orrusta stendur yfir um skiptingu arðsins sem fiskimiðin gefa af sér. Sjávarútvegurinn gefur af sér 35-45 milljarða króna árlega svo það er eftir miklu að slægjast. Um 75% af þessari fjárhæð fara til 18 stærstu fyrirtækjanna. Eigendur þeirra eru kannski innan við 200. Líú telur að veiðigjaldið sem Alþingi samþykkti sé fyrirtækjunum ofviða. Kvótinn gengur kaupum og sölum, einkum í gegnum söluskrifstofu Líú, og veiðigjaldið þar er um 92% af framlegðinni og 77% hærra en veiðigjald ríkisstjórnarinnar mun að lokum verða.

Síðan framsalið var leyft hefur sjávarútvegurinn í heild skilað 20-30% af tekjum upp í afskriftir og fjármagn. Síðan 2008 hefur framlegðin verið um 30%. Hvert kg af þorski sem dregið er upp úr sjó skilar að lokum 350-400 kr. í tekjur. Ýsan gefur heldur meira af sér, eða um 400 kr. Ef gert er ráð fyrir 400 kr. tekjum og 30% framlegð eru 120 kr. eftir af hverju kíló af þorski til þess að standa undir afskriftum, fjármagnskostnaði og arði. Veiðigjaldið núna er 33 kr. sem er aðeins fjórðungurinn af 120 kr. framlegðinni, 87 kr. halda útgerðarmenn eftir. Gjaldið verður eftir 4 ár 52% af framlegðinni eða 62 kr. Þá verða eftir 58 kr. til

→ Útgerðin hefur sjálf myndað sitt eigið veiðigjald með viðskiptum með aflahlutdeild.

Útvegsmanna eða nærri 15% af tekjunum. Útgerðin hefur sjálf myndað sitt eigið veiðigjald með viðskiptum með aflahlutdeild. Verðið á þorskvóta var í byrjun október um 2.200 kr./kg. Sé miðað við að afnotarétturinn sé til 20 ára eins og útgerðarmenn krefjast er veiðigjaldið 110 kr./kg á hverju ári. Það er 92% af 120 kr. framlegðinni. Líú heldur því fram fullum fetum að þetta veiðigjald sé orðið til á frjálsum markaði og endurspeglji getu sjávarútvegsins til þess að greiða fyrir afnotaréttinn sérstaklega til viðbótar við hefðbundinn kostnað við rekstur. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands telur þetta rétt mat í skýrslu frá maí 2010. Viðskiptabankarnir eru á sama máli og lána greiðlega fyrir kvótakaupum á þessu verði. Veiðigjaldið hefur ekki áhrif á rekstrarafkomu atvinnugreinarinnar heldur breytir skiptingu auðlindaarðsins. Verð á veiðheimildum milli útvegsmanna mun lækka sem nemur auknum hlut ríkisins. Við það er ekkert að athuga.

BRAUTRYÐJENDUR ATHUGIÐ!



EIGUM Á LAGER!

Gradmeko fjölplóga

VP320 - heildarbreidd 320cm, ruðningsbreidd 265cm
VP360 - heildarbreidd 360cm, ruðningsbreidd 295cm



Vesturhraun 3 • 210 Garðabær • Sími: 480 0000 • Fax: 480 0001

www.aflvelar.is

Sköpunarverkið í fabúlunni

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Við rogamst með heilt tré inn í stofuna til okkar, setjum á það skraut og ljós, dönsum kríngum það og tignum það. Við lýsum hvern glugga og kveikjum á öllum kertum. Við fyllum munninn með sætum kökum og öðru munngæti og eldum þann besta mat sem við getum ímyndað okkur. Við gefum hvert öðru, gleðjum hvert annað, spilum saman, syngjum og dönsum. Við klæðumst okkar fínustu fötum, burstum skó og straujum lök, skrúbbum gólf og fyllum eldhússkápa af hreinleikans angan. Við hlýðum á það fegursta mat sem mönnum hefur dottið í hug að setja saman af tónafléttum. Myrkrið úti er svo dimmt að ef maður vissi ekki betur gæti maður haldið að allt þetta bauk í okkur, á tíma þegar okkur langar helst að liggja og sofa alla daga, sé allsherjar galdur til að snúa heimsins hjóli, særa fram sólinu sem gefur okkur lífsmagn á ný svo að enn eigum við í vændum að laufgast með vorinu...

Öll þessi hátíðarhöld tjá ráðgátuna um kraftaverkið: nýtt líf, barnsfæðingu. Þetta barn er tákn rísandi sólar og vaknandi gróðurs, þess að mannkynið eigi sér þrátt fyrir allt von. Jólin eru tákn saga, þau eru leikur, aðferð við að tjá hið frumstæða í okkur.

Hvað sem við játum eða neitum og hver sem trú okkar er og vantrú,

þá er jólahaldið ævafornt ritúal og á sér samhljóm djúpt inni í okkur. Sólin hækkar á lofti hvað sem líður þessum galdri okkar en með jólahaldinu tengjumst við náttúruöflunum, skynjum okkur sem hluta þeirra og að lögmál þeirra eigi við um okkur líka. Slík táknleg iðja hefur fylgt mönnum frá tíð hellamálverkanna.

„En guð býr í ...“

Hvað sem Megas segir í gysi sínu um algyðistrúna: Guð býr ekki í gaddavirnum og ekki í gasbindinu – ekki einu sinni í Gjaldheimtunni. Allt eru þetta mannanna verk. (Hver nema maðurinn getur fundið upp önnur eins ósköp og gaddavirnin? Og dreift honum um sköpunarverkið til að búa það niður í svo nefnda eign.)

Maðurinn fann líka upp guð – en það er ekki þar með sagt að guð sé ekki til. Gaddavirinn er svo sannarlega til þótt maðurinn hafi fundið hann upp, og hví skyldi þá guð ekki líka vera til, jafnvel þó að hann búi einungis í hugskotum og sameiginlegri vitund margra, og ritúölum? En er hann til utan skynsviðs mannanna? Einhver kynni að spyrja: Er nokkuð til utan skynsviðs mannanna – en það má líka spyrja: Er guð kannski einmitt til handan skynsviðs mannanna, svo óskiljanlegt, stórt og voldugt afl að því verður ekki komið í orð? Og trúarhugmyndir mannanna allar meira og minna vottur af grunsemd um hið óumræðilega?

Hvernig förum við að því að tala um slíkar hugmyndir? Í Kristnihaldi undir jökli Halldórs Laxness segir séra Jón Þrímur: „Ætli maður komist ekki nær sköpunarverkinu í

Maðurinn fann líka upp guð – en það er ekki þar með sagt að guð sé ekki til.

fabúlunni en sönnu sögunni“. Hann segir nú reyndar svo margt. Til dæmis þetta líka um guð: „sá sem dýrkar fjall eins og ótal þjóðir hafa gert, þá er fjallið hans guð; steinn ef þú göfgar stein; stökkur ef þú trúir á stökk; og svo framvegis: stórfljót, vatn í lind, vatn í skál; fiskur brauð vín; svo kálfur sem hulduhrútur; og ekki er María mey úr málaðri spýtu síðri en sú klofstóra ekkjufrú Líbíðó ellegar hörundslaus tröllskessan. Byltíng sem vill mannbót.“

Halldór teflir þarna fram einfaldri Maríumynd gegn kvenlegum persónugervinum hugmynda þeirra Freuds og Marx sem samtíð hans trúði á sem sannleiksvotta og spámenn vísindalegra og óumdeildra lögmála. Sjálfur sér hann almættið í snjóttíttlingnum.

Logos og Mythos

Bókstafstrúin sem ryður sér til rúms í Bandaríkjunum hjá kristnum öfgamönnum og í Mið-Austurlöndum jafnt hjá gyðinglegum og múslimskum öfgamönnum er ófrjó nálgun á hina eilífu spurningu um stað mannsins í tilverunni og sköpunarverkinu. Viðbragðið við þessari furðulegu afneitun á mannlægri þekkingu er sú árásargjarna andtrúarhreyfing sem við höfum horft á vaxa um Vesturlönd undanfarin ár og snýst mikið að afsanna líkingarnar og dæmisögurnar; og þá rífast þeir um það hvort Jesús



hafi í raun og veru gengið á vatninu. Hvorugur hópurinn virðist átta sig á því að sögurnar um guð og Jesú, Maríu og englana eru líkingamál. Og fjalla um eitthvað sem ekki verður tjáð með öðru móti en líkingum.

Guðfræðingurinn Karen Armstrong ræðir í bók sinni *The Case for God* um tvö ólík horf við veruleikanum. Hún sækir til gömlu Grikkjanna hugtökin Logos og Mythos, til að skýra mál sitt: Logos er skynsemin, hin vísindalega aðferð þar sem staðreyndum er safnað saman, tilgátur settar fram og sannreyndar með tilraunum eftir tilteknum aðferðum. Þessi hugsunarháttur færði okkur heimsýn Kópernikusar, þróunarkenningu Darwins, skammtakenninguna og fleira ómetanlegt sem við erum enn

að vinna úr; ásamt þeirri hugmynd að guð sé síkvíkt afl en ekki fasti á himnum.

Mythos hins vegar er sú gáfa að horfa á heiminn í táknlegu ljósi, eins og við gerum með skáldskapnum; að tjá og túlka heiminn í líkingu – „svo sem í skuggsjá“ – og leita tiltekinna sanninda um lögmál manlegrar tilveru sem ekki verða fundin og mæld með aðferðum Logos. Bænin er þess háttar stilling hugans, tilraun til að tengjast æðri mætti, hana þarf að læra og iðka eins og aðrar manlegrar sérgáfur. Í nafni trúar hafa mörg ódæðisverk verið framin. En þar með er ekki sagt að rétt sé að banna trú; banna þessa frumstæðu viðleitni að tjá samband sitt við hið síkvika lífsafl sem sumir kalla guð, Allah, Jahve, Freyju, Maríu, Sól, Jörð, stein, vatn.



EKKERT
MSG

Blå Band sósur - hrein snilld

Sósurnar frá Blå Band eru handhæg lausn til að gera góða jólamáltíð enn betri. Þær innihalda ekkert MSG, engar transfitur og aðeins náttúruleg bragð- og litarefni. Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus.




BÓNUS

HAGKAUP

Íslensk Panettone

Einn af jólaglaðningum Heilsuhússins

Fæst með rúsinum og sultuðum appelsinum, með súkkulaði og hrein - Pandoro.



Lífrænt hræfni

- Skemmtileg nýjung í jóla- og áramótaveislur



náttúrulega

heilsuhúsið

Laugavegi • Kringlunni • Smáratorgi • Lágmúla • Akureyri • Selfossi

Útflutningur rafmagns – besti kosturinn?

ORKUMÁL



Sveinn A. Sælan

formaður Sambands garðyrkjubænda



Bjarni Jónsson

framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda

Á undanförunum árum hefur umræðan um lagningu sæstrengs til Evrópu og sala á rafmagn frá Íslandi um hann fengið byr undir vængi. Með tilkomu orkumikils forstjóra árið 2009 hefur Landsvirkjun (LV) gengið í gegnum stefnumörkun þar sem nýtt hlutverk fyrirtækisins er sett fram og áherslur eru aðrar en áður.

Gert er ráð fyrir fjárfestingu í orkumannvirkjum og samhliða uppbyggingu iðnaðar fyrir um rúma 900 milljarða króna fram til ársins 2020 og af því er uppbygging í iðnaði um 56%. Til viðbótar er gert ráð fyrir að fjárfesting sæstrengs nemi um 400 ma. króna sem verður í eigu annarra en ríkisins. Fjárfesting á komandi árum gæti því orðið 1.400 ma. sem er nálægt landsframleiðslu ársins 2011!

Hagrænu áhrifin

Áhrif fjárfestingarinnar verður um 3-6% af landsframleiðslu og 9-14% af tekjum ríkissjóðs. Árið 2030 gætu arðgreiðslurnar staðið fyrir 10% af tekjum ríkissjóðs. Eins og gefur að skilja liggja að baki þessum niðurstöðum mörg EF og margir samverkandi þættir þurfa að falla saman.

Skýrsluhöfundar fjalla síðan um „Evrópuverð“ á rafmagn sem virðist eftirsóknarvert og virðist vera einn stærsti hvati þessarar vegferðar. Stóra vandamálið er talið vera allt of lágt orkuverð til stóriðju hér á landi. Samkvæmt áætlunum virðist gert ráð fyrir að verð á raforku til Evrópu verði allt að þrefalt hærra en nú fæst hér á landi. Þá komum við að því sem er hvati þessa greinarkorns.

Greinarhöfundar tala út frá hagsmunum garðyrkjunnar sem við erum fulltrúar fyrir. Ástæðan er sú að garðyrkjan er ein af mörgum atvinnugreinum sem er í orkusækinni starfsemi og notar u.þ.b. 70 GWst á ári til framleiðslu á grænmeti og blómum í gróðurhúsum.

Hver er raunveruleikinn?

Það hefur ekki farið framhjá landsmönnum að rafmagnskostnaður garðyrkjunnar hefur vaxið langt umfram verðlag síðan 2005. Unnið hefur verið að því að auka skilning ráðamanna á nauðsyn á hagkvæmari verðum. Því miður er enn daufheyrst við því þar sem ákvarðanir eru teknar.

Ekki er getið þess í skýrslunni að þreföld hækking verðs á rafmagn til Evrópu hefur sömu áhrif á orkuverð innanlands. Öll orkufrek starfsemi þarf því að takast á við miklar verðhækkningar. Afleiðingin gæti í versta falli verið að fyrirtæki hætti starfsemi og ljóst er hver áhrifin verða á ræktun grænmetis.

Hvað er þá til ráða?

Í fyrsta lagi. Til þess að vera uppbyggilegir leggjum við til að áfram verði haldið á þeirri braut sem LV er á varðandi lausa samninga við stóriðju, þ.e. að semja um hækkað verð. Verð gæti tvöfaldast á næstu áratugum og að samkeppnishæfni verði þrátt fyrir allt góð.

Í öðru lagi móti stjórnvöld sér skýra stefnu í atvinnuuppbyggingu minni og meðalstórra iðnfyrirtækja. Skapa þarf skilyrði sem hvata til stofnunar fyrirtækja og rekstur þeirra.

Í þriðja lagi verði verulegu fjármagni veitt til uppbyggingar slíkrar starfsemi. Ef ætlunin er að ríkið og einkaaðilar veiti 500 milljarða króna í fjárfestingar væri hægt að stofna sérstaka fjárfestingasjóði með álitlegum upphæðum til að standa að atvinnuuppbyggingunni.

Í fjórða lagi yrði núverandi starfsemi orkusækinnar fyrirtækja tryggð með hagkvæmum samningum á raforku en þau veita þúsundum manna atvinnu. Nýtum orkuna til framleiðslu á vöru til útflutnings í stað þess að fletja út orkuna ónýtt. Það er svipað og að hvetja til aukins útflutnings á óunnum fiski til áframhaldandi vinnslu.

Hvað vinnst með tillögnum?

1. Raforkuverð til stóriðju þróast nær verði í Evrópu án þess að missa samkeppnisforskot. Arðssemi LV til langs tíma eykst og það skilar meira af sér til þjóðarþúsins.

2. Áhrif stóriðjunnar í orkunotkun minnkar en annar iðnaður eykur hlut sinn. Einhver stóriðjufyrirtæki munu hugsanlega fletja starfsemi sína héðan.

→ Ekki er verið að leggja til að hrekja núverandi stóriðju úr landi heldur hækka verð til hennar í átt til verðs í Evrópu án þess að sú hækking yfirfærast á aðra eins og óhjákvæmilegt er ef hér kemur sæstrengur. Áherslan er lögð á uppbyggingu smærri fyrirtækja.

3. Uppbygging iðnaðar minni og meðalstórra fyrirtækja, svo sem tölvuvera. Tekjur af orkusölu verða hærri en til stóriðju. Staðsetning minni og meðalstórra fyrirtækja er ekki bundin við fjölmennustu landsvæðin heldur geta verið í fámennari sveitarfélögum og styrkt þar með byggð.

4. Fjölgun starfa. Ekki er gerð tilraun til að slá fram neinni tölu en ljóst er að hún yrði töluverð.


5. Styrkum fótum rennt undir fyrirtæki sem þegar eru í rekstri. Hvati búinn til svo aukin megi framleiðsla og fjölga störfum.

6. Gjaldeyrissparnaður. Ef aðeins eru skoðaðar tölur um innflutning á grænmeti þá hleypur hann á milljörðum króna árlega.

Ekki er verið að leggja til að hrekja núverandi stóriðju úr landi heldur hækka verð til hennar í átt til verðs í Evrópu án þess að sú hækking yfirfærast á aðra eins og óhjákvæmilegt er ef hér kemur sæstrengur. Áherslan er lögð á uppbyggingu smærri fyrirtækja og að hlúa að þeim sem starfrækt eru hér á landi. Rauði þráðurinn í málflutningi okkar er hvornig við viljum sjá Ísland til framtíðar og hvornig við öflum þjóðartekna. Að náttúrugæði séu nýtt hér á landi til atvinnusköpunar og að framlegð hennar birtist í formi útflutnings eða til að spara gjaldeyri. Til lengri tíma eykst hagur ríkissjóðs með auknum skatttekjum af starfsemi og sköttum starfsmanna auk minni gjaldeyrisnotkunar. Nýtum raforkuna, þessa mikilvægu auðlind okkar, til sóknar í atvinnuálagum innanlands.

visir.is

Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á www.visir.is



New York Times Met-sölibók

Frábær bók til að lesa með börnunum.

fyrir 7-12 ára

Ævintýri eins og þau gerast best

Dagný og Sabrína Grimm eru afkomendur hinna frægu Grimmsbræðra. Margverðlaunaðar sögur þar sem kunnugleg ævintýri birtast í nýju ljósi.

Vorið 2012 hlaut Bókabeitan Vorvinda IBBY fyrir framlag sitt til barnmenningar

Sérlegir sérfræðingar í barna- og unglingabókum

BÓKABEITAN

Hver vill verða öryrki?

Af og til kemur upp umræða um mikla fjölgun öryrkja. Oftar en ekki er látið að því liggja að fólk geti sótt um örorkulífeyri alveg eins og sótt er um atvinnuleysisbætur, málið sé svo einfalt. Því fer fjarríki að hlutirnir gangi þannig fyrir sig. Fram þarf að fara nokkuð ítarlegt lækisfræðilegt mat. Svo er það spurningin hver vill verða öryrki? Er það eitthvað til að sækjast eftir? Eru bæturnar svona aðlaðandi fyrir fólk? Hámarksbætur fyrir einstakling sem býr einn eru 203.005 kr. fyrir skatt, en ættu að vera 243.600 kr. ef farið hefði verið eftir lögum um almannatryggingar, sem ekki hefur verið gert síðan 2008.

Heldur fólk virkilega að fólk bíði í röðum eftir því að verða öryrkjar til að geta lifað á ca 156-173 þúsund kr. eftir skatt á

MÁLAFNI ÖRYRKJA



Grétar Pétur Geirsson
fulltrúi í kjarahópi ÖBÍ

mánuði? Upphæðin fer eftir því hvort viðkomandi býr með öðrum fullorðnum eða ekki. Þessi umræða er úti á tóni og lýsir fáfræði fólks sem svona talar.

Staðreyndin er sú að fjölgun öryrkja hér á landi er alls ekki meiri en í hinum Norðurlandarríkjunum. Það kemur mér hins vegar á óvart að svo sé þar sem vinnuálag er mun meira hér en víða annar staðar. Enda eiga margir við stoðkerfisvandamál að stríða vegna mikillar vinnu. Íslendingar eru harðduglegt fólk sem vinnur oft lengur en heilsan leyfir.

Sýnum öryrkjum virðingu

Einnig hefur mér þótt afskaplega dapurleg umræða sem stundum ratar inn í fjölmiðla um að einstaka öryrkjar hafi það ágætt, þá ætlar allt um koll að keyra og myndin dregin þannig upp að

→ Hættum að afbaka þessa umræðu um öryrkja og sýnum þeim þá virðingu sem þeir eiga skilið og mannsæmandi laun.

öryrkjar hafi það rosalega gott. Nú spyr ég: Hvað er að því að einstaka öryrkjar hafi það ágætt? Á að setja í lög að öryrki skuli aldrei vera með það háar bætur að hann geti lifað af þeim? Oftar en ekki er fólk að kljást við mikil veikindi og ætti það eitt að duga þó að fjárhagsáhyggjur bættist nú ekki þar ofan á.

Hættum að afbaka þessa umræðu um öryrkja og sýnum þeim þá virðingu sem þeir eiga skilið og mannsæmandi laun. Ef hægt væri að skipta um hlutverk, er þá einhver sem vill skipta með því að láta öryrkjanum í té heilsuna, taka við sjúkdómi öryrkjans og þurfa að lifa á 156.000 til 173.000 kr. á mánuði? Það efast ég um.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Foreldrum og veirvöldum
þer að tryggja öryggi barna.

TOPPLÍNAN FRÁ **SAMSUNG**



Stærðir:
40"
46"
55"
65"

Kaupauki



Samsung
GALAXY Tab 2

7" WiFi spjaldtölva
fylgir með í kaupnum.



SAMSUNG 3D·LED·SMART TV·8000 LÍNAN



SMART SJÓNVARP

Samsung SMART-TV sjónvarpstæknin býður m.a. upp á:

 Hægt að hlaða niður fjölda smáforrita (apps) í tækid	 Auðvelt að tengjast öðrum tækjum heimilisins þráðlaust með innbyggðu Wi-Fi	 Hægt að stýra öðrum HDMI tengdum tækjum með einni fjarstýringu
 Netvafri með minni t.d. fyrir www.samsungsetrid.is	 FULL HD Hágæða upplausn	 Clear Motion Rate 800 Hz – hreinsar skjáinn 800 sinnum á sekúndu.
 Heldur utan um allar þínar kvikmyndir og þætti	 Sjálfvirk stýring á skerpu í þrívídd	 HDMI 1,4 gagnvirk tengi
 Leitar á Netinu og í gagnageymslu heimilisins að því sem þú villt finna	 „ULTRA CLEAR“ skjár	 Hljóðkerfi í þrívídd
 Í tækinu er Facebook, Twitter, Talk o.m.fl.	 Spilar bíómyndir af USB lykli og tekur upp á USB lykil	 Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
 Hægt að fara á Skype með innbyggðri myndavél og hljóðnema	 Lagar lélega útsendingu eins vel og hægt er	 Breytir myndum í þrívídd og öfugt ef notandi vill

SAMSUNG **SETRID**
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160



LISTAMAÐURINN „Rýmið er ekki stórt og svo er þjóðin blönk en ég hef ekkert síður gaman af að vinna á smærri fleti," segir Haukur Dór. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það eina sem ég nenni að gera

Listmálarinn Haukur Dór er með sýningu í Listhúsi Ófeigs við hliðina á Mokka þar sem hann sýndi fyrst.

„Ég var lengi vel keramikur og málari en nú er ég búinn að leggja rennibekknunum og er eingöngu málari. Það er það eina sem ég nenni að gera," segir Haukur Dór glaðlega þar sem hann er að hengja upp verk sín í Listhúsi Ófeigs að Skólavörðustíg 5 fyrir helgi. Myndirnar hans eru unnar á pappír og striga og flestar í minni kantinum. „Rýmið er ekki stórt og svo er þjóðin blönk en ég hef ekkert síður gaman af að vinna á smærri fleti," segir listamaðurinn.

Haukur stundaði nám við Myndlistarskólann í Reykjavík, Edinburg Collage of Art og Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn. Stóran hluta starfsævinnar hefur hann unnið erlendis að list sinni og haldið fjölda sýninga. En fyrsta sýning hans var á Mokka árið 1963. „Það er sýning sem mér þykir alltaf vænt um," segir hann. „Ég var ungur maður í kvöldskóla hjá Myndlistaskólanum og var að fara utan til náms þegar ég hélt hana. Seldi vel? (Hljæjandi) Ég man það ekki, ég hef aldrei selt sérstaklega vel en þetta var voða gaman.“

Sýningin stendur til 9. janúar á verslunartíma. - gun

Hjartahlýja gagnvart ókunnugum

Kærleiks- og kyrrðarstund verður í kvöld í safnaðarheimili Laugarneskirkju.

„Kærleikurinn er sennilega það fallegasta í samfélaginu og kemst sjaldan í fréttir enda veldur hann ekki átökum.“ Þetta segir Gunnar Hersveinn heimspekingur, sem heldur erindi á kærleiks- og kyrrðarstund Náttúrulækningafélags Reykjavíkur í safnaðarheimili Laugarneskirkju í kvöld. Aðrir sem taka til máls þar eru Ingi Þór Jónsson, formaður félagsins, sem fer með fróðleik úr fortíðinni, og Guðrún Ásta Gunnarsdóttir jógakennari, sem fjallar um Stólajóga og slökun. Erindi Gunnars Hersveins fjallar um kærleik og virðingu, sem hann

segir eiga sameiginlegt andheiti – skeytingarleysi, að vera sama um allt og alla aðra. „Oftast er sagt að það eina sem fólk hugsar um sé eigin hagsmunir og peningar. Það er alrangt," fullyrðir hann. „Kærleikurinn er hjartahlýja gagnvart ókunnugum, þeim sem einstaklingum ber engin skylda til að þykja vænt um. Ég tel að kærleikurinn sé svarið við hinna óleystu ráðgátu um hversu stór heilinn sé í Homo sapiens.“

Stundin hefst klukkan 20. Þar verða léttar veitingar og jólaglaðningur.

- gun



GUNNAR HERSVEINN „Kærleikur og virðing eiga sameiginlegt andheiti," segir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BULLORÐINN Hilmar Örn segist sjálfsagt hafa gert sig sekan um það að hlusta ekki nógu vel á dóttur sína.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðalpersónan helst byggð á eigin dóttur

Kamilla vindmylla nefnist barnabók sem Bókabeitan hefur sent frá sér. Þetta er fyrsta bók höfundarins, Hilmars Arnar Óskarssonar, sem segist byggja persónu Kamillu á dóttur sinni. Hún viti hins vegar ekkert af því – enn þá.

Kamilla vindmylla

Bókin segir frá Kamillu, sem er gírug ellefu ára stelpa og þekkt fyrir það að tala stundum meira en góðu hófi gegnir. Vindmyllur ganga hratt og mikið í stormi og það sama má segja um munninn á Kamillu þegar henni liggur mikið á hjarta. Þannig fékk hún viðurnefnið Kamilla vindmylla en er yfirleitt kölluð Milla Mylla til að spara tíma.



árið og þriðja sæti annað ár í Gaddakylfunni.“

Glaepasögur, sem sagt. Ertu með slíka bók í smíðum? „Nei, eiginlega ekki. Það eru eitt eða tvö drög í tölvunni en ekkert á leið í útgáfu.“

Þú leikur þér mikið með tungumálið í Kamillu vindmyllu, geturðu útskýrt það? „Þú sérð það strax í titlinum, Kamilla vindmylla og bullorðna fólk. Að blanda saman bulli og fullorðinn. Þetta er ákveðinn orðaleikur sem allt er morandi af í bókinni. Ég lít svolítið á bókina sem svona Selur kemur í heimsókn fyrir lengra komna. Það er hrikalega skemmtileg bók.“

Ertu kominn með aðra bók í gang? „Já, ég er langt kominn með framhald af Kamillu. Ákvað að vera með hana í

startholunum ef þessi Kamilla stæði sig vel.“

Erla María Arnadóttir myndskreytir bókina. Hvernig var ykkar samvinnu háttað? „Við unnum þetta eiginlega ekkert saman. Hún teiknaði myndir og sendi mér í tölvupósti, ég sagði mitt álit og sendi þær til baka. En þetta eru ótrúlega flottar myndir og ég er rosalega ánægður með hana.“

Hefur það breytt einhverju fyrir þig að fá bók útgefna? „Já, þetta er óttalega góð vítamínsprauta. Það er ofsalega gaman að sjá eitthvað sem hefur verið að hringla í hausnum á manni í heita pottinum og í strætöu verða að svona flottri afurð. Það gefur manni þann kraft sem þarf til að halda áfram.“

fridrikab@frettabladid.is



Ástkær dóttir okkar, systir og mágkona,

KRISTÍN BALDURSDÓTTIR
meistaraneini í þýðingarfræðum,

sem lést mánudaginn 3. desember verður jarðsungen frá Áskirkju v. Vesturbrún, Reykjavík fimmtudaginn 13. desember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á líknarfélög.



Baldur Guðlaugsson
Arnaldur Skúli Baldursson
Ólafur Hrafnkell Baldursson
Þórhildur Baldursdóttir

Karítas Kvaran
S. Katrín Eyjólfssdóttir
Charlotte Gerd Hannibal



Elskulegur unnusti, sonur okkar og bróðir,

RAGNAR FREYR OLSEN

varð bráðkvaddur á heimili sínu þriðjudaginn 27. nóvember. Við þökkum samhug og vináttu við andlát og útför.



Martha Sif Jónsdóttir
Haldóra Stefánsdóttir
Tanja Rún Freysdóttir
Karl Hinrik Olsen

Freyr Jónsson



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

MARGRÉT ALBERTSDÓTTIR
Garðsenda 9, Reykjavík,

lést laugardaginn 24. nóvember á Dvalarheimilinu Skjólí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 11. desember kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Hjúkrunarheimilinu Skjólí.



Fyrir hönd aðstandenda,
Margrét Jóhanna Sigmundsdóttir

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



SKÓRINN Í GLUGGANN

Annað kvöld geta öll góð börn sett skóinn út í gluggann. Um nóttina kemur fyrsti jólasveinn til byggða en það mun vera Stekkjarstaur sem er fyrstur. Ekki er skammtilegt að fá kartöflu í skóinn svo nú hefst sá tími þegar börnin sofna snemma á kvöldin.

MABEF

20% afsláttur af öllum trönum til jóla.



LISTALAGERINN
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 908. www.jarngler.is

NÝTT FRÁ FÆRINU

Þær Herborg I. Ingvarsdóttir arkitekt og Þórunn Hannesdóttir vörühönnuður með nýjstu línu Færisins.
MYND/ANTON



JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR High Tech** rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

NÝTT Í ELDHÚSIÐ

ÍSLENSK HÖNNUN Karfi, síldargaffall, spónn og smjörhnífur hafa umbreyst í munstur á nýjum viskustykkjum. Hönnunarþrýkið Færið hannar viskustykkinn en þau koma á markaðinn í dag.

Hönnunarþrýkið Færið hefur sent frá sér nýja heimilislínu. Fyrstu vörurnar í línunni eru viskustykki úr bómull með líflegum munstrum. Munstrin á viskustykkjunum er innblásin af íslenskri náttúru, matarmenningu og sögu en áður hafa þær Þórunn Hannesdóttir vörühönnuður, Herborg Ingvarsdóttir arkitekt og Karin Eriksson vörühönnuður meðal annars sent frá sér piparkökumót í formi þekktara bygginga í Reykjavík og nestisboxið Askinn sem byggt er á hinum forna íslenska aski.

„Fyrstu tvö munstrin sem við setjum í sölu eru annars vegar fiskar, nánar til-

tekið karfar, sóttir í sjóinn umhverfis Ísland og hins vegar síldargaffall, spónn og smjörhnífur með klassisku íslensku þrjónamynstri. Áhaldamunstrið er unnið upp úr áhöldunum við Askinn sem hannaður var árið 2009. Ætlunin er svo að koma með ný munstur og liti reglulega,“ segir Herborg.

„Viskustykkinn eru úr 100% hágæða bómull og eru mjög rakadræg. Þau eru seld tvö saman í setti og eru nýkomin í verslanir meðal annars í Epal, Hríml og Atmo.“

Nánar má forvitnast um hönnun Færisins á www.faeirid.com og á Facebook.

■ heida@365.is



KARFINN Munstrin á viskustykkjunum eru sótt í sjóinn og í íslenska matarmenningu en einnig þrýða síldargaffall, smjörhnífur og spónn viskustykkinn.
MYND/ANTON

2x90x200 cm
með okkar bestu
IQ heilsudýnu
Verð aðeins kr.
349.900

20%
afsláttur

Jólagjöfn í ár
Hágæða sænguverasett
og sloppar - Mikið úrval

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT
Hafðu það gott um jólin!

Svefn & heilsa
★★★★★

Þú færð jólagjöfna hjá okkur
Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl.
*3.5% lántökugjald

www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
 Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
 Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
 Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
svverribs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is s. 512-5427

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.




Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
 Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
 rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

HREIN JÓL

● **JÓLAHREINGERNINGIN**
 Ódýr og góð hreinsiefni eru jafnan nærtæk á flestum heimilum, auk þess að vera umhverfisvæn. Þar er átt við: **Borðedik:** Oft kallað glært edik. Það er lífræn, þynnt ediksýra. Borðedik klýfur fitu, nær fram gljáa og eyðir vondri lykt. **Rúðuúði:** Blandið saman vatni og ediki; einum hluta ediks á móti tíu af vatni í blómaúða-brúsa og úðið á gler og spegla. Þurrkið vel og strjúkið yfir með gömlum krumpuðum dagblöðum. Prentsvertan eykur gljáa. **Salernishreinsir:** Ediki er hellt í skálina og látið liggja yfir nótt. Burstað vel og sturtað niður. Ef þvottur lætur lit er gott að leggja hann í bleyti í vatn með ediki, 4 msk. af ediki í 5 l af vatni. Látið liggja í klukkustund. Skolið og þvoíð á venjubundinn máta. Einnig má setja dálítið af ediki í þvottavélina í stað þvottaefnis til að flík haldi betur lit sínum.


Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna. Sjá meira á www.leidbeiningastod.is



LÉTTIR réttir

LÉTT BURRITO
395 kcal.

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is



LÉTT BYLGJAN
- 967 -
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!

Nú er Létt Bylgjan jólastöðin þín

Ljúf og þægileg jólatónlist alla daga til jóla



Í SÆLKERAFERÐ UM SKAGAFJÖRÐINN

MATUR Skagfirðingurinn Heiðdís Lilja Magnúsdóttir hefur tekið saman uppskriftir og fróðleik úr skagfirskri matarkistu. Bókin nefnist Eldað undir bláhimni.

Heiðdís Lilja hefur starfað sem blaðamaður í meira en áratug en söðlaði um fyrir nokkrum árum og fór í lögfræði. Hún er nú í meistaranámi í þeirri grein og útskrifast árið 2014. Bókina hefur hún því unnið samhliða krefjandi námi. „Fyrir einu og hálfu ári kom að máli við mig Áskell Heiðar Ásgeirsson, sviðsstjóri markaðs- og þróunarsviðs sveitarfélagsins á Sauðárkróki, og spurði hvort ég væri til í að skrifa bók um skagfirska matarmenningu. Þetta yrði í tengslum við þróunarverkefnið Matarkista Skagafjarðar sem gengur út á að tengja saman framleiðendur, neytendur og ferðaþjónustu,“ segir Heiðdís Lilja þegar hún er spurð um aðdraganda bókarinnar. „Verkefnið gengur jafnframt út á að veitingahús á staðnum merki sérstaklega mat úr héraði á matseðli. Ég er fædd og uppalin á Sauðárkróki og sömuleiðis ljósmyndararnir sem unnu bókina með mér, þeir Pétur Ingi Björnsson og Óli Arnar Brynjarsson.“



HROSSABLÓT
 Heiðdís segir að mikil vakning hafi orðið í matargerð í Skagafirði. „Margir eru að framleiða gæðahráefni árið um kring og get ég nefnt skagfirska fjallalambið sem dæmi. Í bókinni er fróðleikur um framleiðsluna þannig að þetta er ekki bara uppskriftarbók heldur um matarmenninguna í stóru samhengi,“ segir hún enn fremur.

Í bókinni er fjöldi uppskrifta frá matgæðingum í sveitinni, bæði áhugafólki og atvinnumönnum í matargerð. „Við heimsóttum bændur sem deila fjölskylduuppskriftum, fórum í bjargsig í Drangey og brugðum okkur í sjóferð. Skagafjörður er mekka hestamennskunnar og hrossakjötið hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförunum árum. Sérstakt hrossablót er nú haldið á hverju hausti. Þótt ekki séu allir hrifnir af því að fá hrossin á diskinn er kjötið afar ljúffengt,“ upplýsir Heiðdís. „Það eru góð veitingahús í Skagafirði og þau leggja öll áherslu á að vera með hráefni beint frá býli; hveiti sem er ræktað á Stóru-Ökrum, fjallalambið, rækjur frá Dögun, Hólableikju, ferskan mozzarella-ost frá Mjólkursamlaginu á Sauðárkróki, naut, hross og þorsk.“

SNILLINGAR ÚR HÉRAÐI
 Þá eru þekktir matarsnillingar frá þessu svæði eins og Nanna Rögnvaldardóttir og Þráinn Vigfússon, margverðlaunaður meistarakokkur, sem gáfu uppskriftir í bókina. Það gerði einnig sveitarstjórinn, Ásta Björg Pálmadóttir. Allir voru tilbúnir að leggja hönd á plóg,“ segir Heiðdís Lilja. Þegar Heiðdís er spurð hvort hún sé sjálf matgæðingur svarar hún: „Ég var það ekki en verkefnið hefur heldur betur kveikt áhuga og nú les ég matarbækur eins og skáldsögur. Ég er miklu færari í eldhúsinu eftir þessa reynslu, enda fór ég í margar fínar matarveislur á meðan á vinnslu bókarinnar stóð. Bókin krafðist ferðalaga og ég hef því einnig drukkíð marga kaffibolla í Staðarskála,“ segir Heiðdís og bætir við að hún hafi haft mjög gaman að því að vinna þessa sælkeraferð um Skagafjörð. ■ elin@365.is

FJÖLHÆF
 Heiðdís Lilja er fjölhæf kona sem lauk BA-prófi í lögfræði á sama tíma og hún skrifaði bókina Eldað undir bláhimni. Nú er hún í meistaranámi. MYND/GVA

SKYREFTIRRÉTTUR MEÐ KIRSUBERJASÓSU FRÁ HÓTEL VARMHLÍÐ

- 1 pakki haustkex
- 1 pakki LU-kex með kanil
- 200 g smjör
- 1 kg skyr
- 2 tsk. vanillusykur
- 8 msk. sykur
- 4 egg
- kirsuberjasósa

Myljið kexið og hrærið bræddu smjörinu út í. Bakið við 180° C í 6 mínútur. Kælið og setjið í botninn á eftirréttaskálum. Hrærið svo skyr, vanillusykur, sykur og egg vel saman og setjið ofan á kexið í skálunum. Setjið kirsuberjasósu ofan á allt saman að lokum. Ef skyrið verður of þykkt er gott að þynna það svolítið með rjóma. Uppskriftin nægir í 15 skálar.



SKYRTERTA
 Flottur réttur úr bókinni Eldað undir bláhimni.

GJAFAKÖRFUR

MÁNUDAGUR 10. DESEMBER 2012

Kynningarblað þematengdar körfur og endurnýting



Líftími gjafarinnar lengdur

Gjafakörfur, hvers kyns sem þær eru, gleðja og það er gaman að tína úr þeim góðgætið og njóta. Þegar karfan er orðin tóm er hægt að nýta hana á ýmsan veg, sérstaklega ef hún er stór og stæðileg. Hér eru nokkrar tillögur að því hvernig hægt er að lengja líftíma gjafarinnar.



Gjafakarfa er tilvalin hirsla undir klósettrúllur. NORDICPHOTOS/GETTY



Gjafakarfa af stærri gerðinni getur síðar orðið gríðastaður dýranna.



Upprúlluð gestahandklæði fara vel ofan í bastkörfu sem eitt sinn geymdu gúmmelaði eða fallega gjöf.



Garnið fer vel í bastkörfu og er algengt að stilla henni upp til hliðar við sófann. Þá geyma margir tímarit og dagblöð í gömlum gjafakörfum.



Hafir þú fengið stóra jólagjafakörfu er gott að geyma hana fram á vor og planta í hana sumarblómum. Þá er komið fyrir taksskraut á pallinn. Slíkar körfur má líka nota undir hvers kyns pottablóm innandyrna.

Ítalskt þema í körfuna

Það er hægt að útbúa gjafakörfur á margvíslegan hátt. Til dæmis er hægt að útbúa eitthvert þema handa frænkum og frændum eftir áhugamáli viðkomandi. Fyrir þann sem hefur áhuga á ítalskri matargerð er hægt að setja saman mjög skemmtilega gjafakörfu. Hún gæti innihaldið eitthvað af eftirtöldu: Ítölsk matreiðslubók, ítalskt gæðarauðvín eða ítalskan sítrónulíkjör (limoncello), vandaða ólífufólú, antipasti í krukum svo sem ólífur, ætípastla, sólþurrkaða tómata, grillaða papriku eða eggaldin, ólífumauk, pestó, biscotti-kökur, crissini (ítalskar braudstangir), parmesan-ost, Pecorino-ost, gorgonzola-ost, gæðapasta og pastasósur. Síðan má nefna ítalska jólaköku (panettone). Ítölsku salami, parmaskinku eða öðrum kjöttegundum er sjálf-sagt að bæta í körfuna. Það er ekki amalegt að færa góðum vini eða ættingja matarveislu í gjafakörfu. Allar þessar vörur er hægt að fá í sælkerabúðum hér á landi.

Það er af nægu að taka þegar valið er í körfu; góðgæti ættuðu frá Ítalíu, gæðavínum og -olíum, ostum og fleira.



Girnilegar gjafir

Mikið úrval af sælkeragjafakörfum til að gleðja viðskiptavini og starfsfólk. Körfurnar koma fallega innpakkaðar í sellófani með slaufu. Hafðu samband í síma 511 4466 eða skoðuðu heimasíðuna www.kokkarnir.is og fáðu upplýsingar um verð og hvaða körfur henta þér.



Villibráðarpaté, Cumberlandsósa, Camembert, valhnetuhunang, kex



Villibráðarpaté 2 tegundir, Cumberlandsósa, hamborgarhryggur, Serrano hráskinka, Höfðingi, Camembert, valhnetuhunang, kex, sulta, reyktur lax, Blinis, piparrótsósa, salami með rósapípar

FRÁBÆRT ÚRVAL
Margra ára reynsla,
gæði og þjónusta



KOKKARNIR
VEISLUPJÓNUSTA

www.kokkarnir.is

Langalína 15-23

Sjálendi Garðabæ



NÝJAR ÍBÚÐIR

Nýjar íbúðir í glæsilegu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Löngulínu 15-23 í Sjálendi í Garðabæ. Íbúðirnar eru 2ja til 5 herbergja frá 67 fm. til 157 fm., ýmist með góðum svölum eða stórir timburverönd. Staði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum í lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Íbúðirnar verða afhentar í mars til september 2013 án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Innréttingar og innihurðir verða úr eik. **Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

EIGNIR ÓSKAST

ÓSKUM EFTIR ÖLLUM STÆRÐUM
OG GERÐUM EIGNA Á SÖLUSKRÁ

SELTJARNARNES

ÓSKUM EFTIR 5 SVEFNHERBERGJA SÉRBYLI.
MÖGULEG SKIPTI Á MINNA SÉRBYLI Á SELTJARNARNESI

3JA HERB.



Bjarkarás – Garðabæ. Efri sérhæð.

Falleg 145,0 fm. íbúð á efri hæð með sér inngangi í nýlegu og vönduðu litlu fjölbýli. Sér staði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Stórar svalir til suðvesturs út af stofu með útsýni til sjávar. Opíð eldhús við stofu með eikarinnréttingum. 2 herbergi. Geymsla innaf þvottaherbergi. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 47,9 millj.

3JA HERB.



Soltún. Glæsileg íbúð með tvennum svölum.

Afar glæsileg 139,2 fm. íbúð á 3. hæð með tvennum svölum (aðrar yfirbyggðar) og sér staði í bílageymslu í nýlegu húsi í Soltúni. Allar innréttingar eru frá Axis. Innihurðir og gólfefni eru úr eik. Gólfhliti í allri íbúðinni. Tvennar rúmgóðar svalir. Eldhús var endurhannað, stækkað og elda-vélareyju komið fyrir. Aðeins tvær íbúðir á hæðinni. Lóð fullfrágengin með hitalögnum í stéttum. Verð 48,5 millj.

3JA HERB.



Drekkavellir- Hafnarfirði. Útsýnisíbúð.

alleg og vel skipulögð 79,9 fm. útsýnisíbúð á 4. hæð í lyftuhúsi og sér staði í bílageymslu. Stórar svalir til suðurs með frábæru útsýni að Reykjanesi, Bláfjöllum og víðar. Viðarinnréttingar í eldhúsi og vönduð tæki. Baðherbergi með stórum flisalögðum sturtuklefa. Þvottaherbergi innan íbúðar. Verð 22,3 millj. Auðveld kaup. Aðeins yfirtaka áhvílandi veðskulda. Verð 22,6 millj.



Hraunbær.

Góð 89,5 fm. íbúð á 2. hæð í Árbænum. Útgangur á svalir til suðvesturs úr stofum. Eldhús með nýlegri innréttingu. Franskar svalir út af hjónaherbergi. Suðurhlíð hússins er klædd með steni. Sér merkt bílastæði fylgir íbúðinni á lóð. Verð 17,5 millj.



Asparás- Garðabæ. Efri sérhæð.

Mjög falleg og vönduð 116,0 fm. íbúð á efri hæð með sér inngangi að meðtalinni 6,7 fm. sér geymslu á jarðhæð. Íbúðinni var mikið breytt frá upphaflegri teikningu og hún innréttuð eftir teikningum innanhússarkitekt. Granít er í gluggakistum og vandaðar innréttingar og fataskápar. Innfeld lísing í loftum í stórum hluta íbúðarinnar. Stórar svalir til suðurs með viðargólfi. Húsið er vel staðsett á fallegum stað við opíð svæði og með útsýni að Reykjanesi. Verð 36,9 millj.



Langalína – Sjálendi Garðabæ. Glæsileg íbúð með sjávarútsýni.

Glæsileg 120,9 fm. útsýnisíbúð á sjávarbakkannum í Sjálendinu í Garðabæ. Stór og björt stofa. Eldhús opíð við stofu með fallegum eikarinnréttingum og vönduðum tækjum. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Vandað baðherbergi. Stór verönd er út af stofum og svalir eru til suðvesturs út af stofum. Sér staði í bílageymslu og lyfta. Hús að utan og sameign til fyrirmyndar. Verð 38,9 millj.

ATVINNUHÚSNÆÐI



Mörkin. Verslunar- og lagerhúsnæði til sölu eða leigu

Til sölu- eða leigu 158,8 fm. verslunar- og lagerhúsnæði við Mörkina. Húsnæðið er vel staðsett við fjölfarma umferðaræð og skiptist í opíð verslunarrými, afstúkaðan lager, snyrtingu og ræstiaðstöðu og litlú skrifstofueldhús. Húsnæðið er í góðu ásigkomulagi sem og sameign. Lóð frágengin með fjölda bílastæða. Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

2JA HERB.



Rauðaváð.

Falleg og vönduð 91,3 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sér verönd auk sér staðis í bílageymslu. Eldhús með eikarinnréttingum. Björt stofa með útgangi á hellulagða verönd til suðurs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Verð 24,9 millj.

ATVINNUHÚSNÆÐI



Baldursgata – verslunarhæð.

89,7 fm. verslunarhæð á jarðhæð í góðu steinhúsi á frábærum stað í Þingholtunum. Lager er innaf plássinu auk salernis og ræstikrmpu. Gluggar eru á norður og suðurhlíð og góð lofthæð. Húsið að utan er klætt með áli. Verð 18,9 millj.



Flyðrugrandi.

Góð 64,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér verönd á þessum eftirsóttá stað í vesturbænum. Útgangur úr stofu á hellulagða og skjólgóða sér verönd til vesturs. Þvottaherbergi á hæðinni, sameiginlegt með tveimur íbúðum. Leikvöllur á sameiginlegri lóð og stutt í skóla og aðra þjónustu. Verð 18,9 millj.



Lónsbraut – Hafnarfirði

175,0 fm. iðnaðarhúsnæði við Lónsbraut. Húsnæðið er vel staðsett á hafnarsvæðinu í Hafnarfirði. Hæðin er um 145 fm. að stærð með stórum sal með góðri lýsingu og innkeyrsludryum. Mikil lofthæð. Í hinum enda hússins er á hæðinni forstofa, snyrting og opíð herbergi auk um 30 fm. millilofs með góðum gluggum. Malbikað plan beggja vegna húsnæðisins og athafnapláss fyrir gáma. Laust til afhendingar fjótleiga. Verð 24,0 millj.

FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI Í MIÐBORGinni

Tvær heilar húseignir auk byggingarréttar á frábærum stað í Þingholtunum. Um er að ræða 10 útleiguingar. Eignirnar eru samtals um 550 fermetrar að stærð auk byggingarréttar að um 300 fermetrum til viðbótar á reitnum. Um er að ræða 2ja og 3ja herbergja íbúðir auk stúdíóíbúða. Íbúðirnar eru allar með eldhúsi og baðherbergi og eru allar í útleigu í dag. Fyrir liggja drög að teikningum af því sem byggja má til viðbótar og er þar gert ráð fyrir 3-4 íbúðum á þremur hæðum. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, löggr. fasteignasali



Mjög gott 836,3 fm. iðnaðarhúsnæði með miklu auglýsingagildi og fernum innkeyrsludryum við Dugguvog. Stórt ljósaskilti er á gaffli hússins og vísar að Sæbrautinni. Eignin stendur á frábærum stað upp við Sæbrautina á stórrí malbikaðri lóð með fjölda bílastæða og góðu athafnarými á lóðinni. Rekið hefur verið dekkjaverkstæði í húsnæðinu um árabíl. Húsnæðið er í dag nýtt sem einn eignarhluti en auðvelt er að skipta eignarhlutanum upp í þrjá eignarhluta og nýta þá í sitthvoru lagi. Verð 89,9 millj.

Raðhús



Hjallaland 30 - endaraðhús
Glæsilegt endaraðhús fyrir neðan götu sem mikið hefur verið endurnýjað. Húsið er 185,4 fm og bílskúrin er 19,5 fm samtals um 204,9 fm. Meðal þess sem hefur verið endurnýjað er eldhús, baðherbergi, gólfefni og opnað út í garð frá sjónvarpsherbergi. V. 58,4 m. 2137



Tunguvegur 98 - laust strax
Gott 130,5 fm 6 herbergja raðhús á 3 hæðum við Tunguveg í Reykjavík. Sér garður með timburverönd til suðurs. Húsið skiptist eftirfarandi. Jarðhæð: forstofa, eldhús, gangur og stofa. Efri hæð: gangur, 3 herbergi og baðherbergi. Kjallari: 2 herbergi, baðherbergi og þvottahús/geymsla. V. 26,9 m. 2109

Hæðir



Klappartígur - penthouse íbúð
Húsið er byggt árið 2006 hefur að geyma eingöngu 8 íbúðir. Þakíbúðin á 5 hæð er öll hönnuð af Ástu Sigríði Ólafsdóttur arkitekt. Eignin er með þremur svólum og einstöku útsýni yfir Reykjavík þar sem sjá má meðal annars Þjóðleikhúsið, Nýtt Tónlistarhúsið Hörpuna, Hallgrímskirkju, Friðarsúluna og auðvitað Esjuna og Snæfellsjökul í öllu sínu veldi. 7197

4ra-6 herbergja



Vallengi 9 - sérinngangur
Falleg 4ra herbergja íbúð 106,7 fm íbúð á tveimur hæðum (hæð og ris) með sérinngangi. Þrjú svefnherbergi, björt og rúmgóð stofa með útgengi út á svalir. Stutt í verslunarmiðstöð og Egilshöll. Skóli og framhaldsskóli í göngufæri. V. 25,8 m. 2101



Blikahólar - með bílskúr
15,6" fartölva sem hentar í alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni, 320GB diskur. Allt að 5,5 klst. rafhlöðuending. Windows 8.

79.990

HVÍT OG FLOTT

TOSHIBA

TOS SAT L830-13G



Mjög skemmtilega hönnuð og sterkbyggð hvít 13,3" fartölva með Intel i3 örgjörva. Löng rafhlöðuending í allt að 6,5 tíma. 500GB harður diskur og 4GB vinnsluminni.

119.990

ÖFLUG MEÐ INTEL I5

acer

ACER AV5-571 004



Kraftmikill 2.6GHz Turbo Intel Core i5 örgjörvi skilar hraðri vinnslu. 4GB vinnsluminni og stór 500GB harður diskur. Töff hönnun.

139.990

Ein sÚ KRAFTMESTA MEÐ I7

TOSHIBA

Toshiba SAT L850-1K8



Ein sÚ besta frá Toshiba. Nýjasta kynslóðin af Intel i7 örgjörvanum, 2GB AMD Radeon HD 7670M leikjaskjækort, 6GB vinnsluminni og 640GB harður diskur.

159.990

SSD STÝRIKERFISDISKUR

TOSHIBA

Toshiba SAT U940-104



Punn og meðfærileg 14" fartölva með Intel Core i3 og 32GB SSD disk fyrir stýrikerfið og 320GB hörðum disk.

149.990

YFIR 60 GERÐIR AF FARTÖLVUM FYRIR JÓLIN!



OPÍÐ ALLA DAGA
TIL JÓLA



REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. skyldi, 6. samanburðartenging, 8. hestaskítur, 9. meðvitundarleysi, 11. tveir eins, 12. framrás, 14. samband, 16. í röð, 17. ái, 18. rölt, 20. pfn., 21. drykkur.


LÓÐRÉTT

1. land í S-Ameríku, 3. tveir eins, 4. reiðufé, 5. svelg, 7. nýta, 10. bjálki, 13. árkvísli, 15. sjúkdómur, 16. ris, 19. karlkyn.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. Perú, 3. tt, 4. lausafé, 5. ídu, 7. notfæra, 10. tré, 13. ála, 15. afi, 18. ark, 20. ég, 21. kakó.
LÁRÉTT: 2. ætli, 6. en, 8. tað, 9. rot, 11. uu, 12. útrás, 14. félag, 16. þæ, 17. gíg, 19. þak, 19. kk.

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNINS
Veiðisögur • Veiðisvæði • Veiðifrétir • Veiðimenn



Fæst á flestum bóksölustöðum

RÖKKUR HÆÐIR

Ófriður skekur Rökkurhæðir. Tekst Ingibjörgu og Matthíasi að komast að rótum vandans áður en það er of seint?

3 sæti yfir mest seldu barna- og unglingabækur*

Vel skrifaðar... nóg af hómur í bland við óhugnaðinn sem er sérlega vel gerður!
Úlfhildur Dagsdóttir Bokmenntir.is

Frékar krípi, gat samt ekki hætt að lesa
Daniel 15 ára

Kristófer finnur fullkomna gjöf handa litlu systur í könnunarleiðangri um Rústímar, gjöf sem á eftir að hafa mikil áhrif á líf hans.

RÖKKUR HÆÐIR

KRISTÓFER

Vinsælasti íslenski unglinga-bókaflokkurinn

Vorið 2012 hlaut Bókabeitan Vörvinda IBBY fyrir framlag sitt til barnamenningar

Sérlegir sérfræðingar í barna- og unglingabókum

BÓKABEITAN

Stóristyrkur

BAKPANKAR Sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar



Í vorbirtunni 1941 settu stúdentar upp húfur sínar. Annar landsdúxanna var kona. Dúxar eru dýrmætir og hæsta einkunn skipti máli því dúxar fengu stóra styrk. Það var peningasjóður til að kosta nám erlendis. Svo var sagt frá í fréttum ríkisútvarpsins að menntamálaráð hefði ákveðið að styrkja ekki aðeins fjóra eins og verið hafði heldur tíu stúdenta. En engin kona var þó í hópi styrkþega! Stúdentinn með hæstu einkunn í landinu, kvendúxinn í MR, var ekki meðal þeirra. Og hver skyldi ástæðan hafa verið? Rökin voru að kona sem færi utan til náms myndi væntanlega falla í fang erlends eiginmanns, ekki rata til baka til Íslands, týnast. Að fjárfesta í kvendúx væri því vond fjárfesting!

VALBORG Sigurðardóttir lærði að ágætiseinkunn er engin vörn gegn spilltu valdi. Að ná frábærum námsárangri er afleiðing góðrar ástundunar en svo eru for-dómur og óréttlæti allt annað. En hún gaf sig ekki og hvíkaði ekki í réttlætissókn sinni. Hún hafði sigur, fékk stórstyrk ári síðar og fór vestur um haf, lærði sálarfræði í Minnesota og síðan uppeldisfræði í Massachusetts. Þar var hún metin að verðleikum fyrir að vera dúx og lúx. Hún lærði í kvennaháskólanum Smith College

sem slípaði dýrmæti og agaði námsforka til þroska. Skólinn útskrifaði ekki aðeins Nancy Reagan og Barböru Bush, heldur líka Betty Friedan, Gloriu Steinem og Valborgu! Þar óttaðist enginn að menntun kvenna gerði þær villugjarnar. Í deiglu skólans mótuðust ýmsir málsvarar mannréttinda og þar með feminisma eftirstríðs-áranna, sem höfðu víðtæk áhrif til góds.

DÚXINN umbreyttist í menntakonu. Stríðinu lauk, karlaherirnir streymdu heim af vígstöðvunum en meistararneminn sem var að skrifa lokaritgerð sína var ekki með hugann við þá. Henni var ekki villugjarn. Valborg var beðin um að stýra skóla sem gæti fagmenntað starfsfólk til starfa á stofnunum fyrir forskólabörn. Hún fór heim og faðmaði síðar Ármann Snævarr og eignaðist fimm börn. Valborg breytti íslensku menntakerfi og viðmiðum í uppeldi barna. Hún mótaði nýjan skóla, í nýju lýðveldi og á nýjum tíma. Hún skrifaði uppeldisstefnu fyrir leikskólástigið og bækur um uppeldi. Svo kenndi hún og útskrifaði um 900 fósturur og síðar leikskólakennara á ferli sínum sem skólastjóri. Á nírhálföldri skrifaði hún og gaf út bókina: Íslensk menntakona verður til.

VALBORGARSAGA er heillandi lykil-saga og varðar hæfni, gildi, réttlæti og vald. Svo er líka merkilegt að nokkrir styrkþeganna frá 1941 kvæntust erlendis. Þeir komu ekki til baka.

MYNDASÖGUR

PONDUS

Eftir Frode Øverli

I alvörunni! Ef Gerrard væri með báða fætur á jörðinni hefði hann verið farinn í alvöru klúbb fyrir löngu!

Til dæmis til Leeds...

SMACKA!

HAHAHAHA

Er þetta í gangi allt árið núna?

Já! Nennir þú að vakta borgarana í 2 mínútur?

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Palli, hvar á ég að setja þessar hreinu skyrtur?

Ég skal taka þær.

Það væri kannski snúðugt að hengja þær upp í skápnunum.

Njaa, ég myndi aldrei finna þær þar.

HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes

Ég sé að hjartað þitt er að minnka, Ríkharður, en ekki hafa áhyggjur því það er fullkomlega eðlilegt hjá fasteignasölum.

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Vá! Þetta er ótrúlegasta leiksvæði sem ég hef séð!

Geispl!

Hefurðu séð betri?

Þegar ég var ung varu engin öryggisnet, bara plástrar!

❤ **Malt** og **Appelsín** eru nú í sambandi.

👍 321.824 kunna að meta þetta.





SÖGUKONAN „Ég er að lýsa árunum sem Ameríkanarnir voru í Keflavík og áhrifunum sem þeir höfðu á lífið þar,” segir Marta.

Bönkuðum upp á og buðumst til að passa

Mei mí beibísitt er söguleg skáldsaga frá blómatíma bítlabæjarins Keflavíkur.

Marta Eiríksdóttir er höfundur bókarinnar og leikur bæði sögumann og söguhetju.

„Sagan er gleðifrásögn af því hvernig Keflavík var á sjöunda og áttunda áratugnum og hún er sögð frá sjónarhóli fimm til ellefu ára stelpu,” segir Marta Eiríksdóttir um hina nýútkomnu bók sína Mei mí beibísitt. Hún er snarlega beðin að útskýra titilinn. „Nafnið vísar í setningu sem við stelpurnar notuðum þegar við bönkuðum upp á hjá Kanafjölskyldunum í bænum, buðumst til að passa börnin og fengum Kanagotteri að launum. Keflavík var nefnilega alþjóðlegur bær eftir seinna stríð.“

Er Mei mí beibísitt barnabók? „Ekki beint en hún er full af léttum frásögnum og skemmtilegheitum fyrir allan aldur. Ég er að lýsa árunum sem Ameríkanarnir voru í Keflavík og áhrifunum sem þeir höfðu á lífið þar, meðal

annars tónlistarlífið því popplögin ómuðu gegnum Kanaútvarpið.“ En var ekki herinn alltaf á Miðnesheiðinni? „Nei, meðan byggt var yfir hann þar leituðu heimamenn allra leiða til að leigja amerísku fjölskyldunum húsnæði, útbjuggu íbúðir í bílskúrum, kjöllurum og risum, þannig að þær voru meðal okkar í nokkur ár. Bókin segir frá stemningunni almennt. Þó að hér væri uppgangstími þá var farið spart með aurana, konurnar stoppuðu í sokka og peysur og kíktu í vindlakassann til að athuga hvort nóg væri í sparisjóðsbókinni fyrir því sem þurfti að kaupa. Hugsunarhátturinn var öðru vísi hjá Kaninum, þar var sokkunum hent ef þeir voru orðnir götugir. Kaninn byrjaði líka að skreyta hjá sér fyrir jólin

í nóvember, okkur fannst það fráleitt því við skreyttum á Þorláksmessukvöld.“

Marta flutti af Suðurnesjunum til Noregs fyrir rúmu ári. „Maðurinn minn er rafvirki og fékk vinnu í Noregi en ég var atvinnulaus svo ég varð að leita inn á við eftir verkefnum. Þá tók sig upp gamall draumur um að skrifa,” útskýrir Marta, sem nú hefur skrifað þrjár bækur og tvær þeirra eru komnar út. Becoming Goddess er á ensku, hún fæst hér á landi í Betra lífi og Ditto og einnig á Amazon.

Víkurféttir gefa Mei mí beibísitt út. „Þetta er fyrsta bók fyrirtækisins á þrjátíu ára ferli,” segir Marta. „Þeim leist vel á að rifja upp þennan tíma og varðveita söguna.“

gun@frettabladid.is

Klisjukennd þjóðlög

TÓNLIST ★★★★★

Bak við fjöllin
Þjóðlagasveitin Korka

Ein hver kann að ætla að tónlist á Íslandi fyrr á öldum hafi verið lítil sem engin. Það er ekki rétt. Til eru heimildir um tónlistariðkun hér, sérstaklega trúarlega, allt frá upphafi hins kristna siðar. Þjóðlögin eru líka óteljandi og þau hafa verið mörgu tónskáldinu innblástur. Lögin sjálf eru einföld, en verkin sem þau hafa verið kveikjan að eru það oft ekki.

Á nýútkomnum geisladiski

hefur þjóðlagasveitin Korka farið þá leið að flytja þjóðlög í alþýðlegum búningi, án þess að gera mikið úr lögunum. Auðvitað er það allt í lagi. En þá verður að vera eitthvað grípandi við útsetningarnar, eitthvað sem vekur athygli manns. Útsetningarnar þurfa ekki að vera flóknar. Oft er hægt að búa til heillandi seið úr einföldum, en hugvitsamlegum raddsetningum og hljóðfæravali.

Það hefur ekki almennilega tekist hér. Hljómsveitin samanstendur af gítar, blokkflautu,



ýmsu slagverki, meira að segja djembe, sem er afrísk bikartromma. Slík samsetning hefði getað orðið mögnuð. En þvert á móti. Útsetningarnar eru fyrirsjáanlegar og klisjukenndar. Söngurinn er að vísu hreinn, en einsleitur og tilbreytingarlaus. Fullmikil endurómun er líka í upptökunni, sem gerir áferðina gervilega. Útkoman er óneitanlega smekkláus.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Þjóðlög geta verið mun girnilegri en boðið er upp á hér.

Galleri Fold 1992–2012

Karólína Lórusdóttir



Brogi Ásgeirsson

Uppboð
á listaverkasafni
spron

mánudaginn 10. desember kl. 18


Verkin verða sýnd mánudag 10–17.

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

JÓLADAGATAL NORRÆNA HÚSSINS

Í GÆR VORU BLÁGRESI OG EINAR MÆR GUDMUNDSSON



HVER VERÐUR Í DAG?



B&B

PLAY

www.bang-olufsen.is

Falleg og harmræn saga

BÆKUR ★★★★★

Gísli á Uppsölum

Ingibjörg Reynisdóttir
SÖGUR ÚTGÁFA

Gísli á Uppsölum gleymir enginn sem sá hann á skjánum í Stikluþætti Ómars Ragnarssonar. Þar birtist einbúinn í Selárdal landsmönnum sem dáðust að nægju-semi hans og undruðust um leið hvernig hægt var að búa við jafn frumstæðar aðstæður.

Söguna á bak við einbúann á Uppsölum hafa hins vegar færri þekkt. Landsmenn fengu að gægjast um stund inn í líf hans, en hann lifði því löngu fyrir og eftir heim-sókn sjón-varpsmanna.

Ingibjörg Reynisdóttir rithöfundur hefur nú tekist það verk á hendur að segja söguna á bak við manninn. Það er ekki vanda-laust verk, þar sem heimildir eru af skornum skammti. Ingibjörg nýtir þær litlu heimildir sem hún þó hefur hins vegar vel.

Mesta áskorunin er einfaldlega sú að gera bók úr jafn litlum efnivið og raun ber vitni. Ein leið hefði verið að skrifa skáldsögu byggða á ævi Gísla. Ingibjörg skrifar hins vegar ævisögu, sem, efnisins vegna, er knöpp.

Og Ingibjörgu tekst vel upp. Sagan af unga drengnum sem þráir viðurkenningu í samfélagi mannanna, dreymir um að hleypa heimdraganum, kynast konu og stofna heimili en einangrast í dalnum þar til hann einn er eftir, er í senn falleg og harmræn.

Hér er skautað yfir ýmislegt, margt sem verður varla skýrt með öðru en meiriháttar sérvisku sem jaðrar við sjúkdómsgreinanlega hegðun fær hér á sig blá skringilegheita í óvenjulegum manni. Það kemur þó ekki að sök.

Sagan er létt og lipur, líður fallega áfram og opnar lesendum, eins og hægt er, sýn inn í óvenjulegan huga. Enginn þarf þó að velkjast í vafa um að ævi Gísla Oktavíusar Gíslasonar á Uppsölum hefur verið erfið. Um það vitnar kvæði hans sjálfs:

*Þungt er mér í sinni,
það er líka að vonum.
Sárt í sálu minni
svíður brostnum vonum.
Eins og einn á heiði
yfir hjarna ég gengi.
Góður Guð mig leiði.
Get ég þetta lengi?*

Kolbeinn Óttarsson Proppé

NIÐURSTAÐA: Falleg saga af óvenjulegu og einmanalegu æviskeiði.



Sigilda Óskajógúrtin sem enginn verður leiður á.

Létta Óskajógúrtin án viðbættis sykurs.

Óskajógúrt jólasveina í 40 ár

Þeir eru óðir í Óskajógúrt og fá ekki nóg enda geta þeir valið um tíu bragðtegundir. Óskastundir jólasveina eru þegar börnin brosa af gleði og þegar þeir smakka á sínu uppáhalds Óskajógúrti. Hver er þín óskastund?

MJÓLKURSAMSALAN

BEOPLAY A9

Fyllir jafnvel stærstu rými af snilldar hljóð.

Beoplay A9 er þráðlaus hátalari með innbyggðu Airplay.

Verð: 398.000 kr.

BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík • Sími 581 1100

SAMBÍÓIN! SAMbio.is


FRÁ ÞEIM SÓMU OG FÆRÐUOKKUR
FRÁ BÆR FJÖLSKYLDUSKEMMUN
GODSAGNIRNAR FIMM
YULE CRACK UP!
CHRISTMAS VACATION

BESTA ILLMANNI ÞESSA ÁRS - MATTHEW FOX
ALEX CROSS
SKYFALL

TWILIGHT: BREAKING DAWN
ARGO
BOOM

SMÁRABÍÓ	ALFABAKKA	EGILSHÖLL
RISE OF THE GUARDIANS es.Tal.3D KL. 5:50	RISE OF THE GUARDIANS es.Tal.3D KL. 5:30	RISE OF THE GUARDIANS es.Tal. KL. 5:40
PLAYING FOR KEEPS KL. 5:50 - 8 - 10:20	ALEX CROSS KL. 8 - 10:20	TWILIGHT BREAKING DAWN 2 KL. 5:30 - 8
CHRISTMAS VACATION KL. 5:50 - 8	HERE COMES BOOM KL. 8 - 10:30	ARGO KL. 8 - 10:30
ALEX CROSS KL. 8 - 10:20	CLOUD ATLAS KL. 10:10	WRECK-IT RALPH es.Tal. KL. 5:40
ALEX CROSS VIP KL. 5:50 - 10:20	WRECK-IT RALPH es.Tal. KL. 5:40	KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI
POSSESSION KL. 10:20	RISE OF THE GUARDIANS es.Tal.3D KL. 5:50	RISE OF THE GUARDIANS es.Tal. KL. 8
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 8 - 10:30	RISE OF THE GUARDIANS es.Tal. KL. 8	PLAYING FOR KEEPS KL. 5:50 - 8 - 10:20
WRECK-IT RALPH es.Tal. KL. 5:50	ALEX CROSS KL. 11	SKYFALL KL. 5 - 8 - 10:10
ARGO KL. 8 - 10:30	SKYFALL KL. 5 - 8 - 10:10	KEFLAVÍK
AKUREYRI	PLAYING FOR KEEPS KL. 8 - 10:10	CHRISTMAS VACATION KL. 8
RISE OF THE GUARDIANS es.Tal.3D KL. 6	CHRISTMAS VACATION KL. 8	ALEX CROSS KL. 10:10
RISE OF THE GUARDIANS es.Tal. KL. 8	ALEX CROSS KL. 10:20	
CHRISTMAS VACATION KL. 6 - 8		
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 10:20		
ALEX CROSS KL. 10:20		

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



MIKIÐ UM AÐ VERA Sjálfbodaðliðar höfðu ekki undan að svara í símann.

LÍF OG FJÖR Á DEGI RAUÐA NEFSINS

Gleðin var við völd í símaveri Vodafone á föstudagskvöldið þar sem símasöfnun UNICEF fór fram í beinni útsendingu. Söfnunin markaði hápunkt Dags rauða nefnsins og skiptust frægir sem minna frægir á að svara í símann. Landsmenn svöruðu kallinu og um 1.500 nýir heimsforeldrar bættust í hópinn auk þess sem fjölmargir núverandi heimsforeldra hækkuðu mánaðarleg framlög sín. Gert er ráð fyrir að heildarvirði söfnunarátaksins sé um 161 milljón króna.



STJÓRNENDUR Kolbrún Björnsdóttir, Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Jóhann G. Jóhannsson stjórnuðu útsendingunni.



GAMAN Sonja M. Scott og Lára Axelsdóttir.



SVARAÐI Í SÍMANN Garðar Thor Cortes.



BARDAGAKAPPINN Gunnar Nelson lét sig ekki vanta.



MEÐ RAUTT NEF Dómarinn í Masterchef, Ólafur Örn Ólafsson.

SMÁRABÍÓ GLEIÐU OG SELD SÉR **LAUGARÁS BÍÓ** **www.laugarasbio.is** **5%**
 Miðasala og nánari upplýsingar -bara lúxus sími 553 2075

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐLIS **5%**

SO UNDERCOVER KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	JACKPOT KL. 6 - 8 - 10
SO UNDERCOVER LÚXUS 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 8 - 10.40
GODSAGNIRNAR FIMM 2D KL. 3.40 - 5.50	CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 8 - 9
GODSAGNIRNAR FIMM 3D KL. 3.40	DJÚPIÐ KL. 5.50
KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10.15	
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 6 - 10.20	BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS
HERE COMES THE BOOM KL. 5.40 - 8	SO UNDERCOVER KL. 8 - 10
NIKO 2 KL. 3.40	KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10
SKYFALL KL. 9	HERE COMES THE BOOM KL. 6

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midis.is **LAUGARÁS BÍÓ** **www.laugarasbio.is** **5%**
 Miðasala og nánari upplýsingar -bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

SO UNDERCOVER	6, 8, 10
RISE OF THE GUARDIANS 3D	6
KILLING THEM SOFTLY	10
SKYFALL	6, 9
PITCH PERFECT	8

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍDSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

MÁNUDAGUR: WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARFUR NÓBELS (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
 SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVISUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRÍ BORGARA.



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Sigurður Guðmundsson og Memfismaffan ásamt Kúbverjunum sem aðstoðuðu við gerð plötunnar.



STUND MILLI STRÍÐA Samúel Jón Samúelsson og Tómas R. Einarsson slappa af í Havana.



BLÁR BÍLL Bláir bílar sem þessi af tegundinni Ford sjást oft á götum á Havana.



TVEIR GÓÐIR Sigurður ásamt trompetleikaranum Julio Padrón á góðri stundu.

Einstakt á Havana

Sigurður Guðmundsson segir Kúbu vera einstakt land en langt í frá fullkomið.

Sigurður Guðmundsson og félagar í Memfismaffunni brugðu sér til Havana á Kúbu í september og tóku þar upp plötuna Okkar menn í Havana á aðeins tíu dögum með hjálp innfæddra. „Þetta er ótrúlega sérstakt land að vera í. Það er langflest langt frá því að vera fullkomið en það

er einstakt að koma á svona stað,“ segir Sigurður. Upptökurnar fóru fram í hinu sögufræga hljóðveri Egrem. Sigurður ber kúbversku tónlistarmönnum vel söguna. „Þetta eru framúrskarandi tónlistarmenn sem þurfa ekki mikla tilsögn. Þetta gekk allt ótrúlega vel,“ segir hann

og bætir við að ómetanlegt hafi verið að hafa Tómas R. Einarsson með í för. „Hann var eini spænskumælandi maðurinn í hópnum. Hann hafði líka farið ansi oft þangað og þekkti mikið af þessum strákum sem spiluðu með okkur.“



Í GÓÐUM GÍR Sigurður Guðmundsson ásamt tveimur hressum Kúbumönnum.

Jólatöfrar Kompanísins

Að tilefni þess að Kompaníið hefur stækkað stofuna sína viljum við bjóða þér í töfrastund í Turninum Smáratorgi mánudaginn 10. desember milli klukkan 19 - 21.

Fagmenn Kompanísins kenna þér alla helstu töfrana á bak við fallega hárgreiðslu og leiðbeina þér í vali á hárvörum. Hársnyrtivörur frá label.m, HH Simonsen og HairMaker.

Nýjustu og flottustu raftækin kynnt frá HH Simonsen og notkun þeirra kennd. 20% töfra afsláttur á öllum raftækjum frá HH Simonsen og label.m.

Theódóra Mjöll höfundur bókarinnar Hárið mun aðstoða og árita bók sína.

Í fyrsta sinn á Íslandi er förðunarlínan New Cid kynnt af Nikki Patel förðunarfræðing frá New Cid í London. Vörurnar hafa unnið til fjölda verðlauna undanfarin ár og eru nú loksins fánlegar á Íslandi. Komdu og upplifðu eitt flottasta snyrtivörumerki landsins, fáðu ráðleggingar og léttu förðun frá þeim færustu í bransanum.

Við fullkomnum töfrastundina og kynnum undra pennan sem er að fara sigurför um heiminn.

20-50% afsláttur af ýmsum vörum

Kompaníið Turninn Smáratorgi 10. desember kl 19:00 - 21:00

Léttar veitingar í boði frá Kokkunum veislubjónustu og fjöldinn allur af tilboðum.



bpro

label.m
PROFESSIONAL
HAIRCARE

HH
SIMONSEN

KOMPANÍIÐ
hárgreiðslustofa

new cid
cosmetics

BANROCK
STATION
FINE WINE

KOKKARNIR

Þú finnur gjafirnar hjá okkur



Ryksugu vélmenni

Verð frá 49.990

 Kaffikanna - sýður vatnið	 Mjólkurflóari	 Handpeytari	 Blandari
 Eggjasuðutæki	 Brauðrist	 Eldhúsvog	 Ketill
 Vöflujárn	 Brauðvél	 Ávaxtapressa	 Espresso kaffivél
 Dósaopnari	 Raklette grill	SEVERIN Frábær kaup í smátækjum	

			
			
			
		Fissler Fissler. Perfect every time.	

Hágæða pottar, pönnur, hnífar og eldhúsahöld

Saeco KAFFIVÉLAR



Mest seldu sjálfvirku
kaffivélarnar á
Íslandi um árabil



Saeco Xsmall

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfriú stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 líter
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ 69.990



Saeco Intelia

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfriú stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 10 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ 79.990



Saeco Syntia

- Sjálfvirk stafræn kaffivél
- 2 katlar úr ryðfriú stáli
- Kvörn úr keramik
- Sjálfvirk flóunarkanna
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,2 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ 129.990

Komið við og skoðið úrvalið fyrir jólin!



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



HEITUR Eiður Smári er að finna sig vel í Belgíu.

Eiður skorar og skorar

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var eina ferðina enn á skotskónum fyrir Cercle Brugge um helgina. Hann skoraði þá mark liðsins í 1-1 jafntefli gegn OH Leuven.

Mark Eiðs Smára kom úr víti í uppbótartíma fyrri hálfleiks. Þetta var sjötta mark Eiðs Smára fyrir félagið í deildinni í vetur en hann er einnig búinn að skora eitt mark í bikarnum.

Það var á brattann að sækja fyrir Cercle lungann úr leiknum því liðið missti mann af velli með rautt spjald eftir 36 mínútur.

Arnar Þór Viðarsson var einnig í liði Cercle, sem situr enn í neðsta sæti belgísku úrvalsdeildarinnar. Stefán Gíslason lék allan leikinn fyrir Leuven.

Lið Ólafs Inga Skúlasonar, Zulte Waregem, er að gera betri hluti en Cercle, en liðið er í öðru sæti deildarinnar eftir sigur um helgina. Ólafur spilaði síðustu 13 mínútur leiksins.

Harmleikur í Kansas

Ruðningsleikmaðurinn Jovan Belcher, 25 ára leikmaður Kansas City Chiefs í NFL-deildinni, framdi sjálfsmorð fyrir framan þjálfarann sinn og framkvæmdastjóra fyrir rúmri viku. Hann var þá nýbúinn að myrða barnsmóður sína.

NFL Laugardagurinn 1. desember mun seint renna íbúum í Kansas úr minni. Þá átti sér stað ótrúlegur harmleikur sem snerti alla í borginni, sem og hjá liði Kansas City Chiefs.

Jovan Belcher, sem hafði verið í herbúðum Chiefs í fjögur ár og spilað alla leiki liðsins í vetur, fór út á lífið á föstudeginum. Hann hitti stúlku á bar en varð svo viðskila við hana. Hann náði þó að komast heim til hennar en þar var hún ekki.

Sambýlisfólk hennar leyfði þó Belcher að leggja sig en hann bað um að verða vakinn klukkan 6.30 þar sem hann mætti ekki vera of seinn á liðsfund. Belcher hafði drukkið talsvert um nóttina og þurfti aðstoð við að vakna.

Fólkið í íbúðinni stóð við sitt og vakti Belcher, sem hélt í kjölfarið heim til unnustu sinnar, Kasöndru Perkins. Þar lentu þau í rifrildi sem leiddi til þess að Belcher skaut barnsmóður sína nokkrum sinnum. Þriggja mánaða dóttir þeirra og móðir Perkins voru í húsinu.

Pakkaði fyrir tækifærið

Belcher flúði í kjölfarið og keyrði beint að Arrowhead Stadium, heimavelli Chiefs, en hann bjó aðeins í nokkurra kílómetra fjarlægð frá leikvanginum.

Leikmaðurinn virtist vera meðvitaður um að lögreglan yrði fljót að komast á hæla hans og hann strunsaði því á fullu gasi gegnum öryggishlið vallarins. Skömmu síðar hringja öryggisverðirnir í framkvæmdastjóra liðsins, Scott Pioli,



HARMLEIKUR Það síðasta sem Belcher gerði áður en hann svipti sig lífi var að þakka þjálfarann sínum fyrir tækifærið.

og segja honum að fara út að hitta Belcher á bílastæðinu.

Það gerir Pioli ásamt þjálfara liðsins, Romeo Crennel. Skömmu síðar koma lögreglumenn á staðinn en þeir halda sig í vissri fjarlægð þar sem Belcher heldur á skambbyssu og er að tala við Pioli og Crennel.

Belcher þakkaði fyrir að hafa fengið tækifæri hjá félaginu, sneri sér við, gekk nokkur skref og skaut sig í höfuðið fyrir framan þjálfarann og framkvæmdastjórnann.

Þrátt fyrir þennan mikla harmleik var ákveðið að leikur Kansas í deildinni daginn eftir færi fram. Var það nokkuð umdeilt. Það leyndi sér ekki fyrir leik að það var leikmönnum Kansas mikil þrekaun að spila. Mátti sjá marga þeirra fella tár fyrir leik.

Á einhvern óskiljanlegan hátt tókst liðinu að þjappa sér saman og leggja Carolina Panthers að velli. Var það aðeins annar sigur liðsins í vetur.

henry@frettabladid.is



HARÐIR Bardagi félaganna var stórkostlegur.

Pacquiao rotaður

BOX Juan Manuel Marquez vann frekar óvæntan sigur á Manny Pacquiao um helgina. Það sem meira er tókst Marquez að rota Pacquiao á ótrúlegan hátt.

Marquez kláraði bardagann með rosalegu hægri handar höggi í sjöttu lotu. Pacquiao lá hreyfingarlaus eftir í striganum. Steinrotaður. Hann hreyfði sig ekki fyrr en tveim mínútum eftir höggið.

Þetta var fyrsti sigur hins 39 ára gamla Marquez á hinum 33 ára Pacquiao í fjórum bardögum. Manny hafði unnið tvo bardaga og einn hafði endað með jafntefli.

Pacquiao hefur verið ósigrandi undanfarin ár en er að gefa eftir því þetta var annað tap hans í röð. Hann tapaði líka fyrir Timothy Bradley í sumar.

Pacquiao hrsti af sér rothöggjó rosalega og tókst að gefa viðtal eftir bardagann. Þar lýsti hann því yfir að hann væri klár í að berjast í fimmta sinn við Manrquez.

„Ég var að taka hann og varð of öruggur með mig. Ég sá þetta högg aldrei koma,“ sagði Pacquiao, en hann hreinlega labbaði inn í höggið.

TENGING ÞÍN VIÐ PÓSTINN UM JÓLIN

Póstappið finnur fyrir þig sendingu sem hefur verið póstlögð og í appinu getur þú keypt SMS frímerki. Það er auðvelt að finna næsta pósthús á stafrænu korti eða einn af 200 póstkösum. Hann gæti verið handan við hornið því appið veit hvar þú ert.

Fyrir jólin geta viðskiptavinir fundið upplýsingar um síðustu skiladaga, opnunartíma pósthúsa um allt land og staðsetningar Jólápósthúsa í verslunarmiðstöðvum undir jólahnappnum í appinu.

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA

www.postur.is



Finlux 32FLY132B

32" HD LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart. USB. 2x HDMI. Ci. S-video. S/PDIF. Digital Coax. VGA. Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Innbyggður margmiðlunarspilari.

VERÐ ▶ 69.990

Góðar gjafir og Gledileg Jól



FINLUX

Finlux 40FLHY930

Vandað 40" LCD Full HD sjónvarp með h1920x1080 háskerpu upplausn og stafrænum DVBT móttakara. Innbyggður margmiðlunarspilari. 2x USB, 2x HDMI o.fl.

VERÐ ▶ 99.990



FINLUX

Finlux 47FLSY910LHC

Vandað 47" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080 háskerpu upplausn og stafrænum DVBT móttakara. Innbyggður margmiðlunarspilari. 2x USB, 4x HDMI o.fl.

VERÐ ▶ 159.990



FINLUX

Finlux 55FLSY985LHC

Vandað 55" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080 háskerpu upplausn og stafrænum DVBT móttakara. Innbyggður margmiðlunarspilari. 2x USB, 4x HDMI o.fl.

VERÐ ▶ 249.990

YFIR 100 GERÐIR MYNDAVÉLA

VERÐ FRÁ 9.990



HEIMABIÓSKJÁVARPAR

VERÐ FRÁ 139.990

EPSON

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



SONY
SONY MDRV55 heyrnartól
Verð: 19.990 kr.



Canon
Canon PowerShot A2300
8GB minniskort fylgir
Verð: 24.900 kr.

SONY
Sony Cybershot DSCS5000P
4GB minniskort fylgir
Verð: 15.990 kr.



UCube tölvuháttalarar USB
Verð: 19.900 kr.

Allar sortir fyrir jólin



Canon
Canon IXUS 125 HS
16GB minniskort fylgir
Verð: 44.900 kr.

Canon
Canon EOS 650D með 18-55mm linsu
16GB minniskort og íslensk kennslubók fylgja
Verð: 169.900 kr.



BOSE
BOSE AE2 heyrnartól
Verð: 28.900 kr.



BOSE
BOSE Companion 2 II tölvuháttalarar
Verð: 26.990 kr.

lenovo
Lenovo U410 14" fartölva
Windows 8 og i5 3317U örgjörvi
Verð: 177.900 kr.

lenovo
Lenovo S400 14" fartölva
Windows 8 og i3 3217U örgjörvi
Verð: 119.900 kr.



MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er lagið Lazuli með hljómsveitinni Beach House.“

Hilður Rósa, verslunarstjóri 9 liffa sem er til húsa í Atmo.

Gefa breiðskífu út aftur á bak

Menn ársins ætla að semja eitt lag á mánuði í heilt ár. Lögin munu bera brag af árstíðunum. Þeir segja stórhættu á að platan verði samhengislaus.

Hljómsveitin Menn ársins hefur skuldbundið sig til að semja og gefa út eitt lag á mánuði í heilt ár. Lögin verða gefin út að ári liðnu.

„Við ætlum að gefa út plötu aftur á bak. Það hefur verið í umræðunni hvort breiðskífan sé orðin úrelt fyrirbæri með breyttum aðferðum fólks við að nálgast músík. Þá kom upp sú hugmynd hvort það væri ekki hægt að gefa breiðskífuna út í smákömmtum í stað þess að taka upp heila plötu í leyni og gefa hana út í heilu lagi,“ útskýrir Sváfnir

Sigurðarson, sem skipar hljómsveitina Menn ársins ásamt Haraldi V. Sveinbjörnssyni og Kjartani Guðnasyni. Breiðskífan verður sett þannig upp að lagið sem samið verður í janúar verður fyrsta lag plötunnar, lagið sem samið verður í febrúar verður næst og svo koll af kolli. Sváfnir segir lagasmíðarnar ganga ágætlega en viðurkennir að tíminn sé hættulega fljótur að líða.

„Í nóvember lögðust tveir okkar í flensu en þrátt fyrir þau vandræði tókst okkur að klára lagið

rétt fyrir mánaðamót. Við höfum ákveðnar hugmyndir um lögin sem eiga að vera á plötunni, sum eru til en flest eru ósamin ennþá. Við viljum að lögin beri brag af árstíðunum á einhvern hátt, en þá er auðvitað stórhætta á að platan verði samhengislaus,“ segir hann og hlær.

Hægt verður að fylgjast með gjörningnum á vefsíðunni Mennarsins.is. Þar er einnig hægt að hlusta á þau lög sem þegar hafa verið samin og gefin út.



GEFA ÚT AFTUR Á BAK Menn ársins ætla að semja eitt lag á mánuði í heilt ár. Lögin verða þá gefin út á plötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Burstamotta ABI®
ABI-Burstamottur

Nýtt hjá RV!

ABI10105 **Burstamotta ABI m/álkanti**
78,5cm x 47,5cm

Þessi burstamotta er ein sterkasta útimotta sem völ er á. Burstamir halda lögun sinni einstaklega vel, jafnvel á álagsmestu svæðum. Mottan er hönnuð til að þola mjög rýsjótt veðurfar eins og á Íslandi. Mottan kemur tilbúin með hallandi álkanti að framan.

Einnig mikið úrval af öðrum gerðum af úti- og innimottum í ýmsum stærðum.

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

1982 - Rekstrarvörur - 2012
30 ára vinna með þér



KOMINN Í TÓNLISTINA Einar Lövdahl sendi nýverið frá sér aðra smáskífu sína. Hann stefnir að því að gefa út fyrstu plötu sína í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sækir innblástur til Megasar og Braga

Einar Lövdahl sendi aðra smáskífu sína frá sér fyrir stuttu. Lagið vann hann ásamt Halldóri Eldjárn úr hljómsveitinni Sykri og Agli Jónssyni fótoltamanni.

„Halldór er upptökustjóri á meðan Egill er útsetjari og lunkinn tónlistarmaður. Það mætti segja að Egill sé týndi popparinn í efstu deildinni í fótbolta. Hingað til hafa Jón Jónsson og Ingó Veðurguð fengið alla athyglina en Egill er engu síðri tónlistarmaður,“ útskýrir tónlistarmaðurinn Einar Lövdahl, sem sendi nýverið frá sér sitt annað lag. Lagið ber nafnið Traust og önnuðust Halldór Eldjárn, úr danssveitinni Sykri, og Egill Jónsson, fótoltamaður hjá KR, upptökur á laginu.

Einar starfar sem blaðamaður hjá Mónitor samhliða námi í viðskiptafræði og er tónlist hans helsta áhugamál. Hann lærði á píanó í einn vetur sem barn og stofnaði sína fyrstu hljómsveit skömmu eftir að hann lærði þver-

grip á gítar. „Það skemmtilegasta sem ég geri er að semja lög þó að ég hafi ekki tekið tónlistina föstum tökum fyrr en nú. Markmiðið er svo að senda frá sér fyrstu plötuna í vor þegar öll lögin eru klár,“ segir hann.

Einar lýsir tónlist sinni sem blöndu af indípoppi og þjóðlagatónlist og leggur hann mikla áherslu á textagerð. Hann kveðst helst sækja innblástur til manna á borð við Megas og Braga Valdimars Skúlasonar enda séu þeir báðir frábærir textahöfundar.

„Ég legg mikið upp úr því að semja á íslensku og reyni að hafa textana bæði skýra og þægilega. Ég hef haft mikinn áhuga á íslenskri tungu svo lengi sem ég man eftir mér og ég ætlaði alltaf að læra íslensku í háskóla. Það fór

eitthvað úrskaiðis og ég endaði í viðskiptafræði.“

Fyrsta smáskífa Einars, Tímars án ráða, kom út fyrr í haust og rataði inn á vinsældalista Rásar 2. Hann viðurkennir að það sé erfitt að afhjúpa tónlist sína fyrir öðrum en að mestu skipti að hann þóknist listhneigð sjálfs sín. „Mér fannst lengi vel erfitt að spila lögin mín fyrir fólk, maður stendur eftir svolítið berskjaldaður þegar maður hefur afhjúpað eitthvað sem maður skapaði sjálfur. En viðbrögðin hafa verið vonum framar.“

Auk þess að sinna eigin tónlist sendu Einar og Egill inn lag í jólagagasamkeppni Rásar 2 sem nú er komið í úrslit. „Lagið heitir Hæ hó og gleðileg jól og er klassískt jólaglag,“ segir hann glaðlega að lokum.

sara@frettabladid.is

Sem betur fer ekki metsölubók

Dr. Gunni dreifir tónlistarbók sinni sjálfur. Hann getur aðeins borið tíu í einu.

Óvenjulegt er að rithöfundar dreifi sjálfir bókunum sínum fyrir jólin en það hefur Dr. Gunni gert að undanförunu.

Hann sendi frá sér tónlistarbókina Stuð vors lands á dögunum og hefur dreift henni vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið ásamt öðrum bókum frá útgáfunni Sögum, þar á meðal bókinni um Gísla á Uppsölum.

„Þetta tekur náttúrulega á því hún er svo þung, 3,6 kíló. Maður getur ekkert farið með margar í einu. Ef ég tek tíu er ég bara búinn,“ segir Gunni um bókina sína. „Metsölubókin um Gísla á Uppsölum er miklu léttari. Sem betur fer er mín bók ekki metsölu-

bók, annars væri ég kominn á spítala.“ Spurður hvort hann ætli ekki að árita bókina sína eins og rithöfundar er síður segist hann efast um það. „Enda er fátt ömurlegra en að hanga einhvers staðar og bíða eftir því að það komi einhver að tala við mann.“

Í Stuði vors lands er saga dægurtónlistar á Íslandi rekin í máli og myndum. „Hún hefur fengið gríðarlega góða gagnrýni og móttökur. Það eina neikvæða er að einhverjum meisturum finnst þeir ekki vera nógu mikið í bókinni. Ég vona bara að það komi önnur bók síðar og þá geta þessir snillingar fengið þann sess sem þeir telja að þeir eigi skilinn.“



BURDAST MEÐ BÆKUR Það tekur á fyrir dr. Gunna að dreifa bókinni Stuð vors lands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÖLL BRAUÐ Á
25%
AFSLÆTTI
Á MÁNUDÖGUM

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18
- Lönguhlíð

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunudaga	8.00 - 16.00

Þessi er með allt á hreinu - við ábyrgjumst það



5
ára
ÁBYRGÐ

Við eigum líka fleiri þvottavélar.
Kíktu á úrvalið í versluninni
og á www.IKEA.is.

1600 snúningar,
20 þvottakerfi,
seinkunarstilling
og A++ orkunýting

TILBOÐ

99.990,-

Verð áður ~~139.990,-~~

RENLIG FWM7 þvottavél 7kg

Orkunýtni: A++ Snúningar: 1600. Hvítt

5 ára ábyrgð. 20 þvottakerfi. Seinkunarstilling: allt að 20 klst.

B59,6×D63,6, H84,5cm. Þyngd 72kg

*IKEA heimilistæki eru sérstaklega hönnuð fyrir IKEA í samstarfi
við Whirlpool og Electrolux.*



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fimm tilnefningar til Gourmand

Fimm íslenskar matreiðslubækur eru tilnefndar til Gourmand-verðlaunana 2012 sem verða veitt í París í febrúar. Nanna Rögnvaldardóttir er tilnefnd í flokki bestu brauðuppskrifta með bók sína Múffur í hvert mál. Bókin Eldað og bakað í ofninum heima, eftir þau Gísli Egil Hrafnsson og Ingu Elsu Bergþórsdóttur, hlýtur tilnefningar í flokki bestu matreiðslubókanna og í flokknum einfaldar uppskriftir. Sömu höfundar eru einnig á ferðinni í flokknum best þýdda matreiðslubókin þar sem bók þeirra Into the



North – Live well, eat well – the Icelandic way er tilnefnd. Þá er bók **Sólveigar Eiríksdóttur**, Eftirréttir Sollu, tilnefnd í flokki grænmetisréttu. Verðlaunin eru eftirsótt í bransanum en um þau keppa matreiðslubækur frá öllum heims-hornum.

Jólaslys Friðriks

Að undirbúa jólin getur reynt hættulegt í sumum tilfellum eins og söngvarinn **Friðrik Ómar Hjörleifsson** fékk að reyna á dögunum. Í tilraun sinni til að koma heimilinu í jólagírinn lenti hann í því leiðinlega atviki að missa eina jólakúluna í gólfíð með þeim afleiðingum að hún brotnaði. Þar með er þó ekki öll óheppnin upp talin því flís úr kúlunni stakkst upp í hælinn á honum þegar hann steig óvart á eitt brotið. Eftir árangurslausar tilraunir til að ná flísinni úr sjálfur þurfti hann að haltra á Læknavaktina þar sem hlúð var að honum. - áþ, trs

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Velti bíl og týndist úti í hrauni
- 2 Jólakveðja Elfasar: Kaupa reyk-skynjara og hætta að vera heimsk
- 3 Hunsuðu lokanir lögreglu: Pú segir mér ekki till!
- 4 Áskoron Ívars: Finnið lausn á Nubomálinu!
- 5 Eldsvoðinn reyndist vera grillmeistari



„Fremstur norrænna sakamála-höfunda.“

THE TIMES

VAKA-HELGAPELL
 www.forlagid.is



Skannaðu kóðann og skoðaðu vefútgáfu jólablaðs Símans eða farðu á slóðina jol.siminn.is

Hafðu það notalegt með rafbók um jólin



Samsung Galaxy S III
 Fangar jólaandann í háskerpu.

6.590 kr.
 á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 109.900 kr.

Innifalið:
 Rafbók og Netíð í símanum í 6 mán. – allt að 1 GB.



Samsung Galaxy S III Mini
 Stundum eru minnstu pakkarnir stærstu pakkarnir.

4.190 kr.
 á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 69.900 kr.

Innifalið:
 Rafbók og Netíð í símanum í 6 mán. – allt að 1 GB.

Nýjasta rafbók Arnaldar Indriðasonar, **Reykjavíkurnætur**, fylgir með í jólapakkann fyrir GSM viðskiptavini Símans, í samstarfi við eBækur.is.